# FRÉTTABLAÐIÐ

177. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 28. JÚLÍ 2016





Mikill fjöldi fólks mætti í Dalinn í Vestmannaeyjum í gær þegar kapphlaup um tjaldstæði hvítu tjaldanna fór fram. Starfsmenn þjóðhátíðarnefndar fá tveggja mínútna forskot og nýta tíma sinn vel. „Sumum er alveg sama hvar þeir eru en aðrir er mjög vanafastir,“ segir Hörður Orri Grettisson, meðlimur þjóðhátíðarnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON

# Segist svikinn af hollenska fjárfestinum

**Stjórnarformaður félags sem vill byggja hótel í Hveradölum segir Hollending sem hyggst reisa spítala í Mosfellsbæ ekki hafa staðið við samning um að leggja verkefninu til fé. Sagði fjársterka erlenda aðila á bak við sig. Vildi einnig fjárfesta í kísilveri við Grundartanga.**

**VIÐSKIPTI** Hollendingurinn Henri Middeldorp, stjórnarformaður MCPB sem fengið hefur lóð undir einkaspítala í Mosfellsbæ, hefur óskað eftir að fá að fjárfesta í fjölda verkefna hér á landi, að hans sögn fyrir efnaða erlenda fjárfesta. Ekkert virðist hafa orðið úr þeim verkefnum.

Grettir Rúnarsson, stjórnarformaður Hveradala ehf. sem hyggst reisa hótel og baðlón við skíðaskálann í Hveradölum, segir Middeldorp hafa gert samning um kaup á hlut í hótelverkefninu. „En þegar átti að fara að greiða fóru að koma sögur um sjálfsvíg meðal fjárfesta hópsins og langvarandi veikindi. Alltaf komu fleiri og fleiri sögur en aldrei kom nein greiðsla,“ segir Grettir. Hann

> Alltaf komu fleiri og fleiri sögur en aldrei kom nein greiðsla.
>
> Grettir Rúnarsson, stjórnarformaður Hveradala ehf.

segist að lokum hafa fengið nóg og látið rifta samningnum. Þá lýsti Middeldorp einnig yfir áhuga á að fjárfesta í fyrirhuguðu sólarkísilveri Silicor Materials á Grundartanga að sögn Davíðs Stefánssonar, fulltrúa Silicor Materials á Íslandi. Á heimasíðu Burbanks Capital, sem Middeldorp segir að muni fjármagna einkaspítalann í Mosfellsbæ, er fullyrt að félagið sé í samstarfi við Silicor Materials. Þetta segir Davíð að sé alrangt, félagið hafi aldrei gert neinn samning við Middeldorp.

Hollendingurinn hefur sagt að sér sé óheimilt að gefa út hverjir fjárfestar að baki spítalanum í Mosfellsbæ séu, en fjárfestingin sé fullfjármögnuð og nemi um 50 milljörðum króna. – ih / sjá síðu 6

## Tom Odell til landins

**LÍFIÐ** Söngvarinn og lagahöfundurinn vinsæli Tom Odell spilar á landinu í annað sinn í Eldborgarsal Hörpu í ágúst. Hann kom hingað fyrir tæplega tveimur árum og spilaði þá á tónleikum sem seldist hratt upp á og fengu þeir mjög góða dóma. Tom sendi frá sér sína aðra plötu nýlega og er núna á tónleikaferðalagi í tengslum við þá útgáfu. Söngvarinn gaf út smellinn Another Love árið 2012 og er það lagið sem kom honum á kortið. – sþh / sjá síðu 46



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Örn Þorvaldsson skrifar um rafvæðingu Reykjanesskagans og framtíðarásýnd. 16

**SPORT** Stórir, þungir og liklegir til afreka í Danmörku. 24

**MENNING** Þjóðlögin svo ekta – enda búin að lifa af. 32

**LÍFIÐ** Frægir á ferð og flugi. 44




PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARAÞON

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Áfram er búist við norðaustanátt á landinu og bjartviðri um landið suðvestanvert. Norðaustanlands er vætusamt, en norðvestan til, vestan Tröllaskaga, hangir hann líklega þurr. Gert er ráð fyrir að hámarkshiti verði í kringum 19 stig suðvestanlands. SJÁ SÍÐU 30

## Hjólaði allan strandvegahringinn



Hjólakappinn Jón Eggert Guðmundsson kom í bæinn í gær eftir að hafa hjólað yfir 3.200 kílómetra til styrktar Krabbameinsfélaginu. Jón Eggert fór af stað 1. júlí og hefur farið alla strandvegi Íslands, en hann gekk sömu leið fyrir tíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Atvinnulausum hefur fækkað

**HAGSTOFAN** 201.800 manns á aldrinum sextán til sjötíu og fjögurra ára voru á vinnumarkaði í júnímánuði í ár en það jafngildir 85,3 prósenta atvinnuþátttöku. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Af þeim sem voru á vinnumarkaði í júní voru 197.100 manns starfandi en 4.700 án vinnu og í atvinnuleit.

Hlutfall starfandi einstaklinga af mannfjölda var 83,3 prósent og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 2,3 prósent. Samanburður mælinga fyrir júní 2015 og 2016 sýnir að atvinnuþátttakan minnkaði um 1,3 prósentustig.

Fjöldi starfandi einstaklinga jókst um 700 en atvinnulausum fækkaði um 1.100 manns.

Atvinnuleysi hefur ekki mælst jafn lítið í júnímánuði síðan árið 2008 þegar það mældist 2,2 prósent. **– ngy**

## Stærsti íslenski vinningurinn

**SAMFÉLAG** Íslendingur og Norðmaður voru með allar aðaltölur í Víkingalottóinu réttar og skipta með sér 1. vinningi. Fær hvor þeirra tæpar 262 milljónir króna í vinning. Íslenski miðinn var keyptur hjá N1 í Stórahjalla í Kópavogi og er þetta langstærsti vinningur sem hefur komið á einstakan miða hérlendis.

Miði sem er í áskrift var með fimm réttar tölur auk bónustölu, þ.e. hinn alíslenska bónusvinning, og fær eigandi hans rétt tæpar 10,7 milljónir í sinn hlut.

Fjórir miðaeigendur voru með fjórar réttar tölur í réttri röð í Jóker og fá 100 þúsund krónur í vinning, tveir miðanna voru keyptir í 10-11, Dalvegi 20, Kópavogi og tveir eru í áskrift. **– bo**

## Tilræðismaður Reagans losnaði úr haldi í gær

**BANDARÍKIN** John Hinckley yngri, manninum sem sýndi Bandaríkjaforsetanum Ronald Reagan banatilræði árið 1981, var sleppt úr haldi í gær. Hinckley hafði verið vistaður á réttargeðdeild í Virginíufylki undanfarin 34 ár en mun nú halda til á heimili móður sinnar í Williamsburg.

Undanfarin tíu ár hafði hann fengið að fara til móður sinnar í áttatíu heimsóknir og í ljósi þess að Hinckley sýndi batamerki úrskurðaði dómari að honum yrði sleppt alfarið.

Hinckley var 25 ára þegar hann skaut Reagan. Gerði hann það til að ganga í augun á leikkonunni Jodie Foster sem hann hafði setið um á meðan hún gekk í Yale-háskóla. Hann var metinn ósakhæfur sökum geðveiki.

Einn lést í árás Hinckleys, James Brady, fjölmiðlafulltrúi forsetans. **– þea**




# Jesús ríður til Jerúsalem í hestamessu í Kjósinni

**Vinsæl hestamessa sem lagðist af með brotthvarfi fyrrverandi sóknarprests á Reynivöllum í Kjós verður endurvakin í fyrstu guðsþjónustu nýja prestsins á staðnum. Séra Arna Grétarsdóttir segir texta dagsins skemmtilega táknrænan.**

**FÉLAGSMÁL** „Eitt það fyrsta sem mér var sagt er að hestamessann sé eitthvað sem fólk hefur saknað,“ segir séra Arna Grétarsdóttir sem í byrjun júlí tók við sem sóknarprestur á Reynivöllum í Kjós.

Næsta sunnudag verður svokölluð hestamessa endurvakin í Reynivallakirkju. Þá eru messugestir hvattir til að koma ríðandi til guðsþjónustu.

Arna segir að séra Gunnar Kristjánsson, sem áður var á Reynivöllum, hafi komið hestamessunni á og hún hafi verið við lýði á meðan hann þjónaði. Gunnar hafi hætt 2014 og hestamessan hafi þá lagst af í bili. Mikið sé af hestafólki í sveitinni.

„Fólk saknar þessarar messu. Það er stemning að koma ríðandi til kirkju og drekka kaffi í garðinum við prestsbústaðinn,“ segir séra Arna sem ásamt fjölskyldu sinni býður til samsætis eftir hestamessuna.

Aðspurð segist séra Arna ekki sjálf vera hestamanneskja og muni ekki ríða til kirkju. „Nei, ég bara messa og þjóna fólkinu,“ svarar sóknarpresturinn hlæjandi.

Séra Arna segist ekki geta giskað á hversu margir muni mæta í hestamessuna. „Kannski koma þrjátíu til fimmtíu eða jafnvel hundrað, kirkjan tekur ekki mikið meira,“ segir hún.

Áður en séra Arna tók við embættinu á Reynivöllum var hún prestur Íslendinga í Noregi í níu ár. Svo vill til að hestamessan er jafnframt fyrsta guðsþjónusta séra Örnu á nýja staðnum.



Hestamessur voru árlegur viðburður um verslunarmannahelgar í um áratug í embættistíð séra Gunnars Kristjánssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Textinn er um það þegar Jesús kemur ríðandi inn í Jerúsalem og hann grætur yfir borginni og fólkinu.
>
> Séra Arna Grétarsdóttir á Reynivöllum



„Texti dagsins er skemmtilegur og dálítið táknrænn. Textinn er um það þegar Jesús kemur ríðandi inn í Jerúsalem og hann grætur yfir borginni og fólkinu; yfir erfiðleikunum og óréttlætinu,“ segir séra Arna Grétarsdóttir spurð um það hvað hún muni segja við söfnuð sinn á Reynivöllum á sunnudaginn.

**gar@frettabladid.is**

**PRICE STAR SVEFNPOKI**
Þægilegur svefnpoki sem hægt er að opna og nota sem sæng eða teppi. Stærð: 190 x 75 sm. Þyngd: 1000 gr. Poki fylgir með. Vnr. 4703800

PRICE★STAR
Aðeins ódýrara í Rúmfatalagernum

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +16/+25°C
Lágmarkshiti +5°C

PRICE STAR
FULLT VERÐ: 2.495
**1.995**

**SVARTSKOG SVEFNPOKI**
Virkilega vandaður svefnpoki á frábæru verði! Stærð: 225 x 55/85 sm. Má þvo í vél. Poki fylgir með. Vnr. 4704000

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNPOKUM

Allt að **25%** afsláttur

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +1/+10°C
Lágmarkshiti -17°C

SVARTSKOG
FULLT VERÐ: 9.995
**7.995**

**AURSKOG SVEFNPOKI**
Fínn svefnpoki á frábæru verði! Stærð: 220 x 50/75 sm. Þyngd: 1200 gr. Poki fylgir með. Vnr. 4713000

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +12/+22°C
Lágmarkshiti 0°C

AURSKOG
FULLT VERÐ: 3.995
**2.995**

Sparið **2000**

FULLT VERÐ: 7.995
**5.995**

**HALDEN SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkumstriga. Fæst í svörtu og bláu. Vnr. 3738500, 3738516

**VELOUR VINDSÆNGUR**
Virkilega góðar og vandaðar vindsængur með velour efni. Nokkrar stærðir. Vnr. 4733600, 4733200, 4734100, 4735900

Frábært **VERÐ**

VERÐ FRÁ:
**1.695**

# ALLT Í ÚTILEGUNA

TJÖLD VERÐ FRÁ:
**2.795**

MIKIÐ ÚRVAL AF TJÖLDUM!

**TJÖLD**
Mikið úrval. Vnr. DV4100200, 41815002, 4704400, 4721800, 4704200

VERÐ FRÁ:
**995**

**PUMPUR**
1. 3ja lítra fótpumpa **995**
2. Tvívirk 3 lítra handpumpa **1.695**
3. TORANDO 12V rafmagnspumpa **2.495**
4. HURRICANE rafmagnspumpa. Gengur fyrir 12 volta og 220 volta innbyggðri hleðslurafhlöðu **4.995**

Vnr. 4736800, 4735300, 4736200, 1930800

1 STK.
**1.995**

**BREKKUSTÓLL**
Nettur og góður brekkustóll með neti. Leggst alveg saman. 1 stk. **1.995** nú 2 stk. **2.990**
Vnr.26028003

Kauptu 2 og sparaðu **1000**

VERÐ FRÁ:
**695**

**EINANGRUNARDÝNUR OG SJÁLFUPPBLÁSANLEGAR DÝNUR**
1. Einangrunardýna 6 mm **695**
2. Einangrunardýna 12 mm **1.995**
3. Blá 51 x 180 x 3 sm. **3.995**
4. Græn 60 x 200 x 5 sm. **5.995**
5. Rauð 65 x 200 x 7,5 sm. **7.995**
6. Grá 65 x 200 x 10 sm. **12.995**

Vnr. 4730300, 4730200, 4736000, 4736100, 4736500, 4702500

Kauptu 2 og sparaðu **1000**

**TRONDHEIM ÚTILEGUSTÓLL**
Fæst í 3 litum. 1 stk. **2.495** nú 2 stk. **3.990**
Vnr. 3765400

1 STK
**2.495**

FRÁBÆRT FJÖLSKYLDUSPIL

Sparið **1000**

**KUBB VÍKINGASPIL**
Sniðugt í ferðalagið, útileguna eða garðinn. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna! Vnr. 6430500

FULLT VERÐ: 2.995
**1.995**

**ÚTILEGUBORÐ**
Útileguborð með stillanlegri hæð. Stærð: 60 x 80 sm. Vnr. 908-10-1017

ÚTILEGUBORÐ
**2.995**

PRICE★STAR
Aðeins ódýrara í Rúmfatalagernum

ÚTILEGUSTÓLL
**1.495**

**PRICE STAR ÚTILEGUSTÓLL**
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman. Fæst í 3 litum. Vnr. 3761301

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 27.07 - 03.08**

ÍSGEL
**299**

**ÍSGEL**
Íslensk framleiðsla. Vnr. 4799900

2 STK.
**299**

**KÆLIKUBBAR**
2 x 200 gr. Vnr. 4773500

24 LTR.

KÆLIBOX
**1.995**

**KÆLIBOX**
Gott 24 lítra kælibox á frábæru verði. Vnr. Y19197640

# Trump hvetur Rússa til að leka tölvupóstum Hillary Clinton

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forsetaefni bandaríska Repúblikanaflokksins, segist fagna því að Rússar brjótist inn í tölvur demókrata. Þeir megi gjarnan komast í tölvupósta Hillary Clinton og birta þá.

„Ég held að ykkur yrði ákaft fagnað af fjölmiðlum okkar,“ sagði hann á blaðamannafundi í gær.

Jake Sullivan, utanríkismálaráðgjafi Clinton, segir að nú sé framboð Trumps hætt að vera bara pólitískt og furðulegt. Nú sé það orðið að þjóðaröryggismáli: „Þetta er örugglega í fyrsta skipti sem forsetaframbjóðandi hefur beinlínis hvatt erlent ríki til að njósna um pólitískan andstæðing sinn.“

Robby Mook, kosningastjóri Clinton, hélt því fram í sjónvarpsviðtali á sunnudag að þúsundir tölvupósta úr tölvum demókrataflokksins, sem birtir voru á uppljóstrunarsíðunni Wikileaks, hefðu borist þangað frá Rússum sem hefðu brotist inn í tölvur flokksins.

> **Þetta er örugglega í fyrsta skipti sem forsetaframbjóðandi hefur beinlínis hvatt erlent ríki til að njósna um pólitískan andstæðing sinn**
>
> Jake Sullivan, utanríkismálaráðgjafi Clintons

Rússar hafi með þessu viljað hjálpa Trump í kosningabaráttunni gegn Clinton: „Ég tel það ekki vera neina tilviljun að þessir tölvupóstar hafi verið birtir rétt áður en landsþing okkar hefst, og það er uggvænlegt.“



Donald Trump á landsþingi Repúblikanaflokksins, sem haldið var í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Á Twitter-síðu Wikileaks segir að það sé rógburður einn, að verið sé að ganga erinda Rússa: „Úr kosningabúðum Clinton berst lélegur samsærisáburður um að við séum rússneskir njósnarar. Síðast áttum við að vera frá Mossad. Náið þessu nú rétt.“

Wikileaks hefur einnig birt tugþúsundir tölvupósta frá Hillary Clinton.

Bandaríska alríkislögreglan kynnti nýverið niðurstöður ítarlegrar rannsóknar sinnar á tölvupóstnotkun Clinton meðan hún var utanríkisráðherra, og komst að því að hún hefði sýnt vítavert kæruleysi með því að vista viðkvæm tölvupóstsamskipti sín á sinni eigin tölvu í stað þess að nota tölvubúnað ráðuneytisins, sem væri öruggari. **– gb**

## Vilja láta laga Vatnsnesveg

**FERÐAMENNSKA** Stjórn Ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu harmar viðvarandi og langvinnt sinnuleysi á viðhaldi og uppbyggingu Vatnsnesvegar (nr. 711).

Fram kemur í tilkynningu frá stjórninni að þrátt fyrir ítekraðar ábendingar til þingmanna, ráðherra og Vegagerðarinnar, til margra ára, sé ástand vegarins algerlega ólíðandi.

Húnaþing vestra gæti tekið við fleiri ferðamönnum og stutt þannig við aukna dreifingu ferðamanna um landið, svo lengi sem vegurinn um Vatnsnes sé boðlegur heimamönnum jafnt og gestum.

Jafnframt segir að ástand vegarins sé stærsti hamlandi þáttur áframhaldandi uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu, og orsök mikillar óánægju og óþæginda heimamanna.

Um veginn fara vel á annað þúsund manns dag.

Stjórnin skorar á stjórnvöld að útvega Vegagerðinni nægjanlegt fjármagn til þess að laga veginn án tafar, og leggja fram áætlun um framtíðarlausn hið allra fyrsta. **– sg**

## Félagsheimili frestað fyrir brú

**BLÖNDUÓS** Vegna fyrirhugaðra lagfæringa Vegagerðarinnar á Blöndubrúnni í ágúst þarf sveitarfélagið að fresta áður ákveðnum framkvæmdum við félagsheimilið til næsta árs.

Skýringin er sú að Blönduósbær þarf að ráðast í breytingar á vatnsveitu undir brúna samhliða framkvæmdum Vegagerðarinnar. Það kostar 6,2 milljónir króna sem bærinn ætlar að taka úr framkvæmdinni við félagsheimilið. **– gar**

# Svefndúkkur renna út eins og heitar lummur um allan heim

**Dúkkan Lúlla, svefnfélagi fyrir börn sem Eyrún Eggertsdóttir hannaði, hefur rokið út til foreldra um allan heim. Þrjátíu þúsund eintök seldust upp á örstuttum tíma. Velgengnin framar björtustu vonum Eyrúnar.**

**VIÐSKIPTI** Dúkkan Lúlla, sem er svefnfélagi fyrir börn, hefur slegið í gegn út um allan heim. Dúkkan, sem líkir eftir nærveru við fullorðna, hefur selst upp á tveimur vikum og vakið athygli stærstu erlendu fjölmiðlanna. Fregnir berast af því að foreldrar standi nú í stríði á uppboðssíðum, eins og eBay, um að tryggja sér eintak á uppsprengdu verði. Eyrún Eggertsdóttir, hönnuður dúkkunnar, segir velgengnina framar björtustu vonum.

Lúlluævintýrið hófst fyrst með hópfjármögnun árið 2014 og fengust dúkkurnar úr framleiðslu síðasta haust. Fyrstu fimm þúsund eintökin seldust upp í desember. „Okkur fannst við vera með rosalega stóra pöntun núna að panta þrjátíu þúsund eintök,“ segir Eyrún.

„Þetta hafði gengið vel og var orðið vinsælt í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Við vissum samt ekki hvernig þetta yrði, við hugsuðum þetta er æði þar en kannski er eitthvað sérstakt við þann markað. En svo um leið og þetta byrjaði að koma í fréttir þá breiddist þetta út. Við erum að fá rosalega mikla sölu núna í Bandaríkjunum. Allt efnið okkar er á ensku þannig að þetta er núna að hoppa á milli enskumælandi landa,“ segir Eyrún.



Dúkkan líkir eftir hjartslætti og andardrætti þanng að það sé eins og lítil manneskja sé við hlið barnsins. MYND/LULLA

Í upphafi var dúkkan hönnuð með þarfir fyrirbura og veikra barna í huga. „En nú er hún keypt svo mikið af foreldrum sem eru með ung börn til að hjálpa þeim að sofa ein á nóttunni. Það eru svo margar ástæður fyrir að foreldrar geta ekki haft börnin alltaf hjá sér þegar þau sofa. Með dúkkunni er eins og það sé lítil manneskja við hliðina á börnunum. Hugmyndin er byggð á rannsóknum, þegar börn eru nálægt annarri manneskju þá verður hjartsláttur þeirra og andardráttur jafnari og þau ná betri svefni og sofa lengur í senn,“ segir hún.

Eyrún er stofnandi og framkvæmdastjóri RóRó sem stendur að gerð dúkkunnar og starfa auk hennar þær Sólveig Gunnarsdóttir og Birna Bryndís Þorkelsdóttir hjá fyrirtækinu. Þær eru í óðaönn að sinna eftirspurninni. Búið er að panta fleiri eintök af dúkkunni og vonast Eyrún til að fá þau afhent í október. **saeunn@frettabladid.is**




# Ekki næst í forystu Sjálfstæðisflokksins

**ALÞINGI** Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra segir nær öruggt að kosið verði í haust þrátt fyrir ummæli formanns flokksins, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, sem opnað hefur rækilega á það að kosið verði næsta vor. Á meðan næst ekki í forystu Sjálfstæðisflokksins.

Forsætisráðherra sér það ekki fyrir sér að kosningum verði frestað til vorsins. Það þyrfti þá nokkuð mikið að ganga á í þinginu ef ekki tekst að kjósa í haust. „Ég sé ekki að það geti gerst nema að því gefnu að það verði allt sett hér í bál og brand, sem ég hef enga trú á,“ segir Sigurður Ingi.

Þegar Sigurður Ingi er spurður út í orð formanns flokksins og hugmyndir hans um að skipta sér af dagsetningu kosninga er svar hans skorinort: „Þingrofsheimildin er í höndum forsætisráðherra.“



Framsóknarmenn eru ósamstiga í afstöðu sinni gagnvart því hvort kosið verði í haust eða næsta vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði á Facebook-síðu sinni í gær að ummæli Sigmundar um að ekki liggi á að kjósa í haust væru til þess eins fallin að „koma í veg fyrir þá mikilvægu vinnu sem framundan er í þinginu og setja þar allt í upplausn“. Slíkt myndi sprengja ríkisstjórnina og þar með færu mörg mál í súginn.

Höskuldur segist líta svo á að ekki komi annað til greina en að standa við kosningar í haust.

Fréttablaðið hefur ítrekað reynt að ná tali af formanni og varaformanni Sjálfstæðisflokksins vegna málsins síðustu daga en án árangurs. **– sa, gag**

# SÓLIN Á FRÁBÆRU VERÐI Í ÁGÚST!

ÚRVAL ÚTSÝN

KOMDU MEÐ OKKUR Í SÓLINA, VIÐ HÖLDUM ÁFRAM MEÐ SAMA LÁGA VERÐIÐ. SÖLUMENN SVARA Í SÍMA 585 4000 OG TAKA VEL Á MÓTI VIÐSKIPTAVINUM Í HLÍÐASMÁRA 19, ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á UU.IS.

FLOTT VERÐ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

FLJÚGUM VIKULEGA TIL KANARÍ OG MALLORCA FRÁBÆR FLUGTÍMI

KANARÍ



Enska ströndin
**MONTEMAR★★**
Strönd 50 m

VERÐ FRÁ **68.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum 3.– 10. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 87.900 kr.

Montemar er vel staðsett íbúðahótel á Ensku ströndinni. Fjölmargar verslanir, veitingastaðir og barir í nágrenninu. Einfaldar en rúmgóðar íbúðir og í garðinum er góð sólbaðsaðstaða.

MALLORCA



Santa Ponsa
**PORTOFINO/SORRENTO ★★**
Strönd 50 m

VERÐ FRÁ **84.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. 16.– 23. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 113.900 kr.

Einföld gisting staðsett við ströndina í bænum Santa Ponsa. Í garðinum er sundlaug og sundlaugabar.

ALMERÍA / HÁLFT FÆÐI



Meloneras
**BAHIA SERENA ★★★★**
Skemmtidagskrá | Fæði | Við strönd

VERÐ FRÁ **129.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnh. og hálfu fæði. 4.-11. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 135.600 kr.

Flott 4ra stjörnu íbúðahótel á Roquetas de Mar. Í garðinum er stór útilaug og aðstaða til sólbaða. Inni á hótelinu er innilaug. Íbúðir með einu svefnherbergi og búin öllum helstu þægindum.

KANARÍ

SÉRTILBOÐ!



Maspalomas
**VITAL SUITES ★★★★**
Fæði | Strönd 1,2 km

Verð frá **99.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu með morgunverði. 10.–17. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í einu svefnh. 126.000 kr.

Hótelið er staðsett á friðsælum stað nálagt Maspalomas sandöldunum. Í nágrenni við hótelið eru ótal góðir veitingastaðir, barir og hin fræga Enska strönd er í 1 km fjarlægð frá hótelinu.

MALLORCA



Santa Ponsa
**VISTA CLUB ★★★**
Fæði | Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **68.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. 9.- 16. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 92.800 kr.

Góðar íbúðir við Santa Ponsa ströndina um 300 metra frá miðbæ Santa Ponsa. Verslanir, kaffihús og veitingastaðir eru í göngufæri.

BENIDORM / HÁLFT FÆÐI



Benidorm
**HOTEL OASIS PLAZA ★★★**
Fæði | Strönd 1 km

Verð frá **89.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. 9. – 16. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 96.000 kr.

Vel staðsett 3ja stjörnu hótel í gamla bænum á Benidorm, rétt fyrir ofan Poniente ströndina. Sólbaðsaðstaða og sundlaug eru upp á þaki hótelsins ásamt barnalaug.

Ath. Gildir aðeins með nýjum bókunum. Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og stafabrengl.

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is



Íbúar í Garðinum voru 1.480 í júlí samkvæmt bráðabirgðatölum.

# Íbúum fjölgar í Garðinum

**SAMFÉLAG** „Við fögnum öllum nýjum íbúum og bjóðum alla velkomna,“ segir Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Garði, en íbúum í sveitarfélaginu hefur fjölgað um tæplega fjögur prósent á sjö mánuðum samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands. Þann 1. desember árið 2015 voru íbúar 1.425 en voru, samkvæmt bráðabirgðatölum 18. júlí síðastliðinn, 1.480.

„Ég held að ástæðan sé aukið framboð atvinnu á svæðinu og svo veit ég um nokkur dæmi þar sem fólk er að selja eignir sínar á höfuðborgarsvæðinu til þess að kaupa ódýrari eign hérna,“ segir Magnús og bætir við að einnig séu dæmi þess að barnafólk sæki í góða þjónustu í Garðinum.

Íbúar í Garði voru, þegar mest var, 1.550 árið 2009 en þeim fór fækkandi árin á eftir og voru 1.409 árið 2014. Mikill viðsnúningur hefur orðið síðan. Ef fram heldur sem horfir gæti íbúafjöldi í sveitarfélaginu orðið nálægt 1.500 í lok árs 2016.

Magnús segir mikla sölu hafa verið á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu síðustu mánuði. Íbúðalánasjóður hefur selt mikið af þeim eignum sem voru í eigu sjóðsins á svæðinu. Þá hafa verktakar og aðrir aðilar selt eignir sem áður stóðu auðar. „Það er enn til laust húsnæði til sölu.“ – ngy

# Útgöngubann í Kasmír



Hellirigning var í Srinagar, höfuðstað Kasmírhéraðs á Indlandi, og útgöngubann í gildi þegar þessi vegfarandi gekk þar fram á þungvopnaðan hermann á götuhorni í gær. Útgöngubannið var lagt á til að hindra ferðir aðskilnaðarsinna, sem ætluðu að efna til mótmæla. NORDICPHOTOS/AFP




Árið hefur reynst forsvarsmönnum Deutsche Bank ansi erfitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hagnaður og hlutabréf Deutsche Bank hrynja

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Deutsche Bank á öðrum ársfjórðungi nam 20 milljónum evra, jafnvirði 2,7 milljarða íslenskra króna, og dróst saman um tæplega 800 milljónir evra, jafnvirði 106,7 milljarða íslenskra króna, samanborið við síðasta ár.

Deutsche Bank er stærsta lánastofnun Þýskalands og hefur átt erfitt uppdráttar á árinu. Hagnaður fyrir skatt hjá bankanum dróst saman um 67 prósent og nam 408 milljónum evra, jafnvirði 54,4 milljarða íslenskra króna, á fjórðungnum.

Tekjur af fjárfestingarbankastarfsemi, hlutabréfaviðskiptum og viðskiptum við fyrirtæki drógust saman á meðan kostnaður af endurskipulagningu jókst. Tekjur féllu samtals um tuttugu prósent miðað við árið áður. Þrátt fyrir þetta var niðurstaða fjórðungsins umfram væntingar markaðsaðila.

**20**

**milljónir evra var hagnaður Deutsche Bank á öðrum ársfjórðungi og dróst saman um 800 milljónir evra.**

Forsvarsmenn Deutsche Bank hafa reynt að einfalda starfsemi bankans, lækka rekstrarkostnað og draga úr sektum vegna starfseminnar, frá því að nýr forstjóri tók við í október á síðasta ári. Allt að 35 þúsund manns verður sagt upp fyrir árið 2020.

Í gær lækkaði gengi hlutabréfa í bankanum um þrjú prósent í kjölfar fréttanna. Gengi hlutabréfa í bankanum hefur lækkað um tæplega sextíu prósent á síðastliðnu ári. – sg

# Áður lofað fé frá fjársterkum aðilum

**Forsvarsmaður félags sem fengið hefur lóð undir spítala í Mosfellsbæ, hefur óskað eftir að fá að fjárfesta í fjölda verkefna hér á landi. Forsvarsmaður hótelverkefnis segist hafa samið við Middeldorp en hann hafi aldrei lagt fram fé.**

**VIÐSKIPTI** Henri Middeldorp, stjórnarformaður MCPB sem hefur fengið úthlutað lóð undir einkarekinn spítala og hótel í Mosfellsbæ, hefur sett sig í samband við fjölda aðila hér á landi á síðustu árum og sagst vera með fjársterka aðila á bak við sig sem séu tilbúnir að fjárfesta hér á landi. Engin þessara fjárfestingaráforma virðast þó hafa orðið að veruleika hingað til.

Grettir Rúnarsson, stjórnarformaður Hveradala ehf. sem stefnir að því að opna hótel og baðlón við skíðaskálann í Hveradölum, segir Middeldorp hafa komið að máli við sig árið 2014 og viljað taka þátt í verkefninu í samstarfi við efnaða erlenda fjárfesta. „Hann sagðist vera með sterka fjárfesta á bak við sig sem væru að koma með fjármagn til Íslands og ætluðu að kaupa stóran hlut í Skíðaskálaverkefninu. Það voru undirritaðir samningar þess efnis. Þegar átti að fara að greiða fóru að koma sögur um sjálfsvíg meðal fjárfesta hópsins og langvarandi veikindi. Alltaf komu fleiri og fleiri sögur en aldrei kom nein greiðsla. Á tímabili heimtaði hann samt að fá þetta afhent og skildi ekkert í mér hvers lags bölvaður dóni ég væri að afhenda honum ekki hlutinn, að ég skyldi ekki gera mér grein fyrir því hvað hann væri svo stór kall,“ segir Grettir. Að lokum hafi hann gefist upp á Middeldorp og látið rifta samningnum.



Stjórnarformaður félags sem hyggst reisa hótel við Skíðaskálann í Hveradölum rifti samningi við hollenska fjárfestinn vegna vanefnda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Middeldorp hefur gefið út að framkvæmdirnar í Mosfellsbæ, upp á um 50 milljarða króna, verði fjármagnaðar með láni frá félaginu Burbanks Capital í Hollandi. Það sé fjármagnað með fé frá fjölda fjársterkra aðila sem Middeldorp hefur þó ekki viljað gefa upp hverjir séu. Á heimasíðu Burbanks Capital er fullyrt að félagið sé í samstarfi við Silicor Materials, sem hyggst reisa sólarkísilver við Grundartanga. Davíð Stefánsson, fulltrúi Silicor Materials á Íslandi, segir ekkert hæft í því, félagið hafi engin tengsl við Burbanks Capital. Middeldorp hafi fyrir um einu og hálfu ári sýnt áhuga á að fjárfesta í kísilverinu. „En svo varð ekkert úr því,“ segir Davíð.

Þá var greint frá því í fréttum Stöðvar 2 á þriðjudag að Middeldorp hefði komið á fund bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og óskað eftir að gera samning um kaup á ríflega fjórfaldri vatnsnotkun bæjarins. Bæjaryfirvöld urðu ekki við beiðninni en Middeldorp er ekki talinn hafa sýnt nein gögn, til að mynda með hvaða hætti fjármagna ætti verkefnið. ingvar@frettabladid.is







**Völu kókosbollur**
Bíttu laust því bollan er mjúk.




**Sósur Hagkaups**
Hambó#1, Hambó#2, Benni#1, Benni#2,
Sinpip, Kokteil og Spicy Majo.




**Euroshopper Energydrink**
Orka í hverjum sopa.




**Swiss Miss kakó**
Dark Chocolate Senstaion, Milk Chocolate, Light.



**Duni einnota vörur**
Diskar, glös og hnífapör.




**Góu súkkulaði**
Hraun, Florida og Æði.

Gildir til 31. júlí á meðan birgðir endast.

## MEÐLÆTI OG EFTIRRÉTTIR - TILBÚIÐ Á GRILLIÐ



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Vopnin streyma til Sýrlands og Jemens

**Mörg austurevrópsk ríki hafa undanfarin ár selt vopn í stórum stíl til Mið-Austurlanda, þaðan sem talið er að þau hafi borist áfram til stríðandi fylkinga í Sýrlandi og Jemen. Alls er vitað um viðskipti upp á 1,2 milljarða evra frá árinu 2012 en líklega er upphæðin enn hærri.**

**BANDARÍKIN** Stórfelldur vopnaflutningur hefur átt sér stað undanfarin fjögur ár frá átta austurevrópskum ríkjum til Mið-Austurlanda. Stjórnvöld þessara átta ríkja hafa samþykkt vopnasöluna, en viðskiptin nema samtals um 1,2 milljörðum evra eða 160 milljörðum króna.

Þetta fullyrða blaðamenn á vefmiðlunum BIRN og OCCRP, sem hafa verið að rannsaka þessa vopnasölu undanfarið ár. Þeir hafa eftir sérfræðingum að þessi viðskipti séu næstum örugglega ólögleg.

Löndin átta eru Króatía, Tékkland, Serbía, Slóvakía, Búlgaría, Rúmenía, Bosnía-Hersegóvína og Svartfjallaland. Kaupendur hafa tekið við vopnunum í Sádi-Arabíu, Jórdaníu, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Tyrklandi.

Talið er að mikið af þessum vopnum hafi svo verið flutt áfram til Sýrlands, þar sem heiftarleg borgarastyrjöld hefur kostað nokkur hundruð þúsund manns lífið, og líklega hátt í hálfa milljón. Einnig leikur grunur á því að eitthvað af þessum vopnum hafi borist til Jemens, þar sem einnig hefur geisað langvinn og harðvítug borgarastyrjöld.

Frá þessu er skýrt á fréttavef breska dagblaðsins The Guardian og vísað í grein á og ítarupplýsingar á occrp.org.

Rannsóknin er sögð byggð á upplýsingum úr vopnaútflutningsskýrslum, skýrslum Sameinuðu þjóðanna, skráningu flugferða og vopnasölusamningum. Einnig var rætt við fulltrúa stjórnvalda í Króatíu, Tékklandi, Svartfjallalandi, Serbíu og Slóvakíu. Þeir sögðu allir að staðið sé við allar alþjóðlegar skuldbindingar, sem ríkin hafi gengist undir.

> **Ríki sem selja vopn til Sádi-Arabíu eða Mið-Austurlanda og norðanverða Afríku vanda sig ekki við áhættumat og brjóta því lög bæði Evrópusambandsins og sín eigin landslög.**
>
> Bodil Valero, fulltrúi Svíþjóðar á Evrópuþinginu

Hins vegar er haft eftir Bodil Valero, sænskum þingmanni á Evrópuþinginu, að vopnasölulönd þessi ættu að skammast sín: „Ríki sem selja vopn til Sádi-Arabíu eða Mið-Austurlanda og norðanverðrar Afríku vanda sig ekki við áhættumat og brjóta því lög bæði Evrópusambandsins og sín eigin landslög.“

Fram kemur að vopnasala frá þessum löndum í Mið- og Austur-Evrópu til ríkja í Mið-Austurlöndum hafi verið sáralítil þar til árið 2012, þegar hún jókst skyndilega, en þá var borgarastyrjöldin í Sýrlandi tekin að magnast. Stórfelldust voru þessi viðskipti á árinu 2015.

gudsteinn@frettabladid.is

## BIRN og OCCRP

Balkan Investigative Reporting Network, eða BIRN, er samstarfsverkefni óháðra félagasamtaka sem berjast fyrir málfrelsi, mannréttindum og lýðræði í Balkanskagaríkjum.

Organised Crime and Corruption Reporting Project, eða OCCRP, er samstarfsverkefni margra fjölmiðla og fréttamanna á stóru svæði allt frá Austur-Evrópu yfir til Mið-Asíu, sem vinna að því að upplýsa um skipulagða glæpastarfsemi og spillingu víða um heim.



## Vopnasöluríkin

| Land | Upphæð |
|---|---|
| Króatía | 302 milljónir evra |
| Tékkland | 240 milljónir evra |
| Serbía | 194 milljónir evra |
| Slóvakía | 192 milljónir evra |
| Búlgaría | 122 milljónir evra |
| Rúmenía | 81 milljón evra |
| Bosnía og Hersegóvína | 72 milljónir evra |
| Svartfjallaland | 3 milljónir evra |

## Vopnakaupendur

| Land | Upphæð |
|---|---|
| Sádi-Arabía | 829 milljónir evra |
| Jórdanía | 155 milljónir evra |
| Sam. arabísku furstadæmin | 135 milljónir evra |
| Tyrkland | 87 milljónir evra |





Mercedes-Benz B-Class
Þægindi og öryggi í fyrirrúmi

Í Mercedes-Benz B-Class situr þú hærra en í flestum fólksbílum sem auðveldar aðgengi og bætir yfirsýn. Lágur mengunarstuðull tryggir lægri bifreiðagjöld og um leið frábært verð fyrir bifreið í þessum gæðaflokki og sparneytnin heldur rekstrarkostnaðinum í lágmarki. Þessi vinsæli bíll er framhjóladrifinn og er einnig fáanlegur með 4MATIC fjórhjóladrifi. Hann fæst sjálfskiptur eða beinskiptur og er í boði með bensín-, dísil- og metanvélum.

B 160 með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 4.800.000 kr.
Eyðir frá 4,0 l/100 km í blönduðum akstri

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

ÁBYRGÐ
5
ÁRA
á öllum rafmagns- og mótordrifnum vörum
BAUHAUS




KÄRCHER
makes a difference

**Háþrýstidæla**
K 2 Basic. Hámarksdæluþrýstingur 110 bör, hámarksvatnsflæði 360 l/klst. RotoJet stútur. Úðabyssa. 3 m slanga.

**11.995.-**
~~14.995.-~~




KÄRCHER
makes a difference

**Háþrýstidæla**
K4 Premium Full Control. Hámarksdæluþrýstingur 130 bör, hámarksvatnsflæði 420 l/klst. Með upprúllanlegri slöngu og LED-vísi á byssunni. Byssa með fullri stjórn, Vario Power stútur, Dirt Blaster stútur og útdraganlegt handfang fylgja.

**49.995.-**
~~59.995.-~~

# Mikið úrval á hagstæðu verði

- ekki bara byggingavöruverslun




Nilfisk
**17.995.-**
~~18.495.-~~

**Háþrýstidæla**
C 120.6-6 X-TRA. Hámarksdæluþrýstingur 120 bör, hámarksvatnsflæði 440 l/klst. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun. Þrýstingsjöfnun. Sambyggður hjólavagn. Click&Clean fylgihlutakerfi.




Nilfisk
**27.995.-**
~~29.995.-~~

**Háþrýstidæla**
C 120.6-6 PAD X-TRA. Hámarksdæluþrýstingur 120 bör, hámarksvatnsflæði 440 l/klst. 6 m háþrýstislanga Patio Plus pallahreinsir. Þvottabursti, 8 m lagna- og klóakhreinsislanga. Click&Clean fylgihlutakerfi.




Nilfisk
**31.995.-**
~~42.995.-~~

**Háþrýstidæla**
C 130.2-8 PCAD. Hámarksdæluþrýstingur 130 bör, hámarksvatnsflæði 520 l/klst. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun. Þrýstingsjöfnun.




Nilfisk
**59.995.-**
~~69.995.-~~

**Háþrýstidæla**
E 140.3-9 PCAR X-TRA. Hámarksdæluþrýstingur 140 bör, hámarksvatnsflæði 500 l/klst. Áreiðanleg málmdæla með spanmótor. 9 m mjúk háþrýstislanga. Undirvagnsstútur, bílabursti og bílastútur fylgja. Patio Plus pallahreinsir.

BAUHAUS®


BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Víða fjör um verslunarmannahelgina

**Fjöldi ólíkra hátíða verður haldinn víðs vegar um landið núna um helgina. Landsmenn ættu því flestir að geta fundið hátíð við sitt hæfi, hvort sem þeir vilja tónlist eða íþróttir. Góðu veðri er spáð á Suðvesturlandi en vætu austanlands og skýjum á Vestfjörðum.**

**SAMFÉLAG** Fjölmargar ólíkar hátíðir verða haldnar víðs vegar um land núna um verslunarmannahelgina. Allt frá Innipúkanum í Reykjavík að Neistaflugi í Neskaupstað.

**Fjöldi ólíkra hátíða**

Hátíðirnar eru eins mismunandi og þær eru margar. Ættu því flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það er torfæruakstur á dráttarvélum á Flúðum, tónleikar í Vestmannaeyjum, Neskaupstað og Reykjavík eða keppni í íþróttum á Akureyri og í Borgarnesi.

**Veðrið um helgina**

Veðurspáin fyrir helgina er einna best á höfuðborgarsvæðinu, á Flúðum og í Borgarnesi. Veðurstofan spáir þar hálfskýjuðu, þurru veðri og um fimmtán stiga hita alla helgina. Þá er spáð svipuðu veðri í Vestmannaeyjum nema rigningu á mánudagsmorgun.

**Norðurland**

Á Akureyri verður öllu kaldara, hiti um sex stig og skýjað. Þó er ekki spáð rigningu. Sömu sögu er að segja um veður á Ísafirði, hins vegar er spáð meiri sól þar.

**Austurland**

Neistaflugsmenn í Neskaupstað verða þó að sætta sig við rigningu nær alla helgina, ský og um átta stiga hita.

**Mikill fjöldi á faraldsfæti**

Búist er við því að fjölmargir verði á faraldsfæti um helgina. Til að mynda er búist við um þrettán þúsund gestum á unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi. – þea

**Veðurspáin er einna best á höfuðborgarsvæðinu, á Flúðum og í Borgarnesi.**

## Verslunarmannahelgin 2016








Á hverjum föstudegi í allt sumar fá tveir kort-/lykilhafar Orkunnar tankinn endurgreiddan að fullu.

Í lok hvers mánaðar fær svo einn þátttakandi í sumarleiknum 100.000 kr. eldsneytisinneign.

**Skráðu þig núna á orkan.is.**

ORKAN


# Lækkun hefur ekki áhrif á fæðingarorlofsgreiðslur

**FÉLAGSMÁL** Ef af lækkun tryggingagjaldsins verður mun það ekki hafa áhrif á fæðingarorlofssjóð. „Hin lögbundnu réttindi eru í sjálfu sér annað mál og ef fjármögnun þeirra réttinda verður eitthvað takmörkuð út af þessu verður bara að mæta því með öðrum skatttekjum,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Í umræðunni nú er lækkun tryggingagjalds. Ein af meginforsendum þess að aðilar vinnumarkaðarins skrifuðu undir SALEK-samkomulagið svokallaða var að stjórnvöld gripu til mótvægisaðgerða vegna aukins launakostnaðar. Ein helsta aðgerðin væri að stjórnvöld lækkuðu tryggingagjald.

Fæðingarorlofið á Íslandi er fjármagnað með hlutdeild í tryggingagjaldi, en réttindi til greiðslu úr sjóðnum eru tryggð með lögum og fjármögnuð af ríkinu. „Það er eiginlega óskylt mál að lækka tryggingagjaldið. Það að lækka tekjur fæðingarorlofssjóðs þýðir ekki að réttindin verði skert, þá yrði þeim bara mætt með uppbót úr ríkissjóði. Ef sjóðurinn á ekki fyrir sínum útgjöldum innan ársins þá fer hann í skuld við ríkissjóð og svo er það jafnað út með hærri tekjum ef svo er eða að útgjöldin minnka, sem getur verið vegna færri fæðinga eða eitthvað slíkt,“ segir Gissur. „Ef ríkisvaldið tekur ákvörðun um það að lækka tekjur þessa fjárlagaliðar, en réttindi halda áfram óbreytt eða aukast jafnvel, þá þarf að mæta því með annarri fjármögnun úr ríkissjóði.“

Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi námu 73,4 milljörðum króna á árinu 2014. – sg

**Það að lækka tekjur fæðingarorlofssjóðs þýðir ekki að réttindin verði skert, þá yrði þeim bara mætt með uppbót úr ríkissjóði.**



Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar

# Ísland öruggasta ríkið

**SAMFÉLAG** Ísland er öruggasta ríki í heiminum samkvæmt alþjóðlega friðarstuðlinum 2016 (e. Global Peace Index) sem birtur var nýlega. Ísland hefur verið öruggasta ríkið á hverju ári frá árinu 2007. Sýrland er í neðsta sæti á listanum, við hlið Suður-Súdans og Íraks.

Danmörk er í öðru sæti yfir öruggustu ríkin og Austurríki í því þriðja. Átta af ríkjunum ellefu sem talin eru vera mjög friðsæl eru í Evrópu. Bandaríkin eru í 103. sæti á listanum.

Þetta er í tíunda sinn sem listinn er gefinn út. Samkvæmt honum eru einungis tíu lönd í heiminum sem eru talin geta verið algjörlega laus við átök. Friðsælum löndum fer fækkandi samkvæmt listanum. – sg


DEBENHAMS
BLÁA
BOMBAN
VERÐSPRENGJA!
20%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU*
OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD
*Gildir ekki af vörum á föstu verði.
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Ástand heimsins











1. Þorpsbúar í Assamríki á Indlandi reisa bambusgirðingu til að draga úr flóðinu sem streymir þar yfir. Að minnsta kosti tólf manns hafa látið lífið og meira en milljón manns þurft að yfirgefa heimili sín vegna flóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2. Slökkviliðsmenn halda til vinnu sinnar í Santa Clarita í Kaliforníu, þar sem þeir hafa dögum saman reynt að ráða niðurlögum skógarelda. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3. Norðurkóreskir landamæraverðir fylgjast með mannaferðum sunnan landamæranna, en í gær voru 63 ár liðin frá því vopnahlé batt enda á þriggja ára langa bardaga í Kóreustríðinu. NORDICPHOTOS/AFP

4. Þessum erni var bjargað úr leðju á eyjunni Usedom í Póllandi, þar sem hann var hætt kominn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. Barack Obama Bandaríkjaforseti smeygir sér inn um bakdyrnar á skrifstofu sinni í Hvíta húsinu. NORDICPHOTOS/AFP



TAKK FYRIR OKKUR

-20 KR.

AF LÍTRANUM Í DAG FYRIR LYKIL- OG KORTHAFA ÓB OG OLÍS






LÆK-LEIKUR

Takk fyrir stórkostlega þátttöku í Facebook-tilrauninni okkar í gær. Hátt í 10 þúsund læk og um 1400 deilingar er ævintýralegt. Ökum varlega og njótum helgarinnar!

ÓB-AFSLÁTTUR

Afslátturinn gildir með lyklum og kortum hjá ÓB og Olís. Ef þú átt ekki lykil geturðu sótt um hann á ob.is eða fengið hann á næstu Olís-stöð.

ÓB

PIPAR\TBWA • SÍA • 163553

# Áherslurnar



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Karl Steinar Valsson, tengifulltrúi Íslands hjá Europol, kynnti í Fréttablaðinu í gær nýjar áherslur hjá löggæsluyfirvöldum á Íslandi, sem byggðar eru á greiningarvinnu Europol. Ástæða breytinganna er sú að brotastarfsemi í Evrópu og á Íslandi hefur tekið miklum breytingum síðustu ár.

Í þeim felst, meðal annars, að fíkniefnadeild lögreglunnar leggst af í þeirri mynd sem verið hefur. Ný deild, Rannsóknir á skipulagðri brotastarfsemi, mun sjá um rannsókn fíkniefnamála, auk rannsókna á ýmsum öðrum fjölbreyttum brotaflokkum. Flækjustig rannsókna hjá lögreglunni er mun hærra en áður hefur verið og mun flækjast frekar. Karl sagði brotastarfsemina þyngri og erfiðari í dag, fíkniefnabrotin samofin fleiri málaflokkum og að lögð yrði áhersla á brotin í stærra samhengi. „Fíkniefnamál ein og sér hafa ekki verið rosalega mörg í gegnum tíðina en þau eru samofin ýmsu öðru, til dæmis peningaþvætti, fjármálabrotastarfsemi, mansali og fleiru," sagði Karl Steinar.

Þessar breyttu áherslur lögreglunnar eru fagnaðarefni. Lögreglan þurfti, eins og margar ríkisstofnanir, að sæta töluverðum niðurskurði eftir hrun. Hún hefur síðan kvartað mikið undan álagi á starfsmenn, sem eru of fáir til að sinna öllum þeim verkefnum sem henni er gert að sinna og sumum brotaflokkum hefur hún einfaldlega þurft að sleppa alfarið. Ljóst er að breytingunum er ætlað að gera starfið hnitmiðaðra og auðvelda rannsókn brota sem oft skarast þvert á brotaflokka.

Fíkniefnamálin eru umdeild og þeim fylgja tilfinningar. Óumdeilt er að fíkniefni hafa eyðilagt líf mjög margra, tekið önnur endanlega og sjaldnast verið til blessunar. Það er hins vegar þannig að fíkniefnavandinn er fyrst og fremst heilbrigðis- og félagslegt vandamál, ekki glæpamál.

Stríðið sem háð hefur verið gegn fíkniefnum, fyrst og síðast af stjórnvöldum í gegnum lögregluna, hefur tapast. Ósigurinn er löngu viðurkennd staðreynd. Við höfum verið dugleg við að loka inni fólk fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni, ekki síður litla neytandann en hinn stórtæka seljanda. Neyslan minnkar lítið og glæpamennirnir hafa ekkert minnkað við sig þrátt fyrir mikla áherslu undanfarna áratugi á rannsóknir og þungar refsingar vegna slíkra brota.

> **Fíkniefnamálin eru umdeild og þeim fylgja tilfinningar. Óumdeilt er að fíkniefni hafa eyðilagt líf mjög margra, tekið önnur endanlega og sjaldnast verið til blessunar.**

Hinar breyttu áherslur lögreglunnar endurspegla þetta að einhverju leyti. Augljóslega verður rannsóknum á fíkniefnabrotum ekki hætt, skárra væri það. En rannsóknirnar verða hnitmiðaðri, áherslan verður væntanlega á stórtæka hópa þessarar skipulögðu glæpastarfsemi, í takt við önnur brot, ekki síður alvarleg, sem slíkir hópar stunda og hafa löngum orðið út undan.

Heilbrigðisráðherra skipaði á kjörtímabilinu starfshóp, eftir þingsályktunartillögu Pírata, sem hefur það hlutverk að móta stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu. Í nefndinni eiga meðal annarra sæti fulltrúar ríkislögreglustjóra, SÁÁ, landlæknis og geðsviðs Landspítala.

Niðurstaða nefndarinnar, sem vænta má á næstu vikum, mun kalla á dýpri umræðu um málaflokkinn. Lögreglan hyggst horfa á stóru myndina. Spurningin er hvort löggjafinn ætlar sér að gera slíkt hið sama, eða halda áfram að líta svo á að þungar refsingar séu réttu viðbrögðin við þeim heilbrigðisvanda sem neysla fíkniefna er.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Þingmaður kærir ummæli**
Vigdís Hauksdóttir ákvað í gær að kæra níðyrði um sig til lögreglu. Sagðist hún ekki láta bjóða sér að láta kalla sig rasista sem berðist gegn fjölmenningu á landinu. Það er sjálfsagt að ráðamenn leiti réttar síns telji þeir að á þeim sé brotið á einhvern hátt. Það er ekki í lagi að kalla einhvern rasista ef engin er innistæðan fyrir þeim orðum. Það er hins vegar þannig að Vigdís Hauksdóttir hefur margoft látið hluti út úr sér þar sem hún sakar aðra, þó oft undir rós, um hluti sem lítil er innistæðan fyrir.

**Utan þjónustusvæðis**
Merkileg tilviljun alltaf hreint að þegar allt er í háaloft á stjórnarheimilinu virðast forystumenn Sjálfstæðisflokksins ávallt vera á stöðum þar sem ekki er hægt að ná í þá. Gamall draugur ríkisstjórnarinnar, fyrrverandi forsætisráðherra, vill verða baksætisbílstjóri og stýra aðgerðum úr fjarlægð. Því er áhugavert að samstarfsflokkurinn tjáir sig ekki um málið og þegir þunnu hljóði. Það er í sjálfu sér merkilegt hvað flokkurinn er hræddur við að segja skoðun sína stuttu fyrir kosningar. Á meðan dregst hann áfram niður í foraðið með Framsókn og ef fram heldur sem horfir verður hann aftur með eina lökustu útkomu sína í kosningum frá stofnun.

sveinn@frettabladid.is

# Ögurstund



Svandís Svavarsdóttir
þingmaður Vinstri grænna

Ísland er um margt einstaklega gott samfélag. Í slíku samfélagi ríkja velferð, lýðræði og mannsæmandi kjör. En ekkert varir án þess að að því sé hlúð.

Í markaðssamfélagi, kapítalismanum, sækja peningaöflin inn á öll svið samfélagsins til að ávaxta sitt pund, ota sínum tota, viðhalda forréttindum hinna ríku og auka mismunun. Pólitísk öfl taka sér stöðu með forréttindum, með hinum ríku beita sér í þágu peningaafla og sérhagsmuna. Við höfum séð mýmörg dæmi um slíkt á þessu kjörtímabili.

Innlend og erlend peningaöfl sækja inn á svið velferðar og auðlinda, ekki síst inn í heilbrigðiskerfið og menntakerfið. Pólitísk velvild greiðir götu slíkrar viðleitni með ófyrirséðum afleiðingum. Mennta- og heilbrigðiskerfi fyrir alla er nefnilega líka lýðræðismál því öflugir innviðir af því tagi styrkja verulega möguleika fólks til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Ekki bara á kjördag heldur alltaf.

Réttlátt skattkerfi er hornsteinn velferðarsamfélaga. Þeir sem nóg hafa og meira en nóg borga meira til samneyslunnar sem er hugsuð til þess að jafna kjör og tryggja velferð allra án tillits til efnahags. Núverandi stjórnvöld hafa ítrekað lýst afstöðu sinni gegn auðlegðarskatti og þrepaskiptu skattkerfi að norrænni fyrirmynd. Á Íslandi hafa forystumenn beggja stjórnarflokkanna sýslað með sitt persónulega fé í gegnum aflandsfélög í skattaskjólum og styðja þar með starfsemi sem grefur undan velferðarsamfélögum um heim allan. Hvorugur telur nokkuð athugavert við slíkan veruleika og flokkarnir báðir hafa leynt og ljóst varið starfsemi af þessu tagi.

> **Pólitísk velvild greiðir götu slíkrar viðleitni með ófyrirséðum afleiðingum.**

Forystumenn stjórnarflokkanna eru augljóslega ekki hluti af samfélaginu. Þeir deila ekki kjörum með öllum almenningi. Þeir tala eins og 300.000 krónur í mánaðarlaun, fyrir fullan vinnudag, setji hér allt á hliðina en segjast gleyma tugum og hundruðum milljóna í sínum eigin fjárhag.

Boðaðar kosningar í haust fara fram á ögurstundu í tilveru þjóðar. Aldrei hefur verið jafnskýrt að ráðamenn tilheyra forréttindastétt fárra og ríkra í samfélaginu. Að þeir draga taum sérhagsmuna á kostnað almannahagsmuna. Um þetta verður kosið í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þing eða þjóð?

**Í DAG**

**Þorvaldur Gylfason**
prófessor

Sumir þeirra sem mæra bandaríska stjórnarskrána frá 1787 þótt hún sé meingölluð gætu átt eftir að vakna upp við vondan draum nú í nóvember. Þá getur það t.d. gerzt að Donald Trump, frambjóðandi repúblikana, nái kjöri sem forseti með 270 kjörmenn að baki sér gegn 268 kjörmönnum fyrir Hillary Clinton, frambjóðanda demókrata, jafnvel þótt Clinton fái kannski fjórum milljónum fleiri atkvæði en Trump á landsvísu.

**Fjögur ryðbeltisfylki, fjögur fordæmi**

Þetta gæti gerzt ef spádómur Michaels Moore, kvikmyndagerðarmannsins góða, gengur eftir. Moore spáir Trump sigri í sömu 24 fylkjum og Mitt Romney vann í forsetakosningunum 2012 og að Trump bæti við sig fjórum ryðbeltisfylkjum: Pennsylvaníu, Ohio, Michigan og Wisconsin. Það er allt sem þarf. Rök Moores eru m.a. þau að ryðbeltisfylkin fjögur eigi margt sammerkt með þeim hlutum Englands sem réðu úrslitum í atkvæðagreiðslunni um úrsögn Bretlands úr ESB í júní, m.a. lágar tekjur, litla menntun og hátt hlutfall eldra fólks. Hvaðan fæ ég fjögurra milljóna atkvæða forskot Clintons á Trump á landsvísu? Það var atkvæðamunurinn á demókratanum Barack Obama og repúblikananum Mitt Romney 2012 ef ryðbeltisfylkin fjögur eru talin frá.

Fjórum sinnum hefur það gerzt að sá sem hlaut flest atkvæði í forsetakosningum í Bandaríkjunum hefur þurft að lúta í lægra haldi. John Quincy Adams tapaði fyrir Andrew Jackson 1824 með 45 þúsund atkvæða mun á landsvísu, en þingið skipaði Adams forseta þótt hann hefði bæði færri atkvæði og færri kjörmenn að baki sér en Jackson. Þetta var áður en núverandi flokkaskipan komst á í landinu, en Adams skipaði sér síðar í raðir repúblikana og Jackson í raðir demókrata. Repúblikaninn Rutherford B. Hayes tapaði fyrir demókratanum Samuel J. Tilden 1876 með 264 þúsund atkvæða mun og var samt skipaður forseti að loknu braski milli flokkanna þar eð hann hafði fleiri kjörmenn með sér. Repúblikaninn Benjamin Harrison tapaði fyrir demókratanum Grover Cleveland 1888 með 96 þúsund atkvæða mun og var samt skipaður forseti í krafti meiri hluta kjörmanna. Mörgum er enn í fersku minni að repúblikaninn George W. Bush tapaði fyrir demókratanum Al Gore árið 2000 með 544 þúsund atkvæða mun, en Hæstiréttur skipaði Bush samt forseta með fimm atkvæðum gegn fjórum eftir flokkslínum. Takið eftir munstrinu: í öll fjögur skiptin hefur repúblikönum tekizt að nota stjórnarskrána til að ná undir sig forsetaembættinu þrátt fyrir tap í kosningum.

Bandaríska stjórnarskráin kveður á um að nái enginn frambjóðandi meiri hluta atkvæða í kjörráðinu (e. electoral college) skuli fulltrúadeild Bandaríkjaþings velja milli þeirra þriggja sem flesta kjörmenn hafa að baki sér en þó þannig að þingmenn hvers fylkis greiði aðeins eitt atkvæði. Komi til slíks hafa þingmenn Wyoming sömu áhrif og þingmenn Kaliforníu með nærri 70 sinnum fleiri íbúa að baki sér. Þetta ákvæði stríðir gróflega gegn hugmyndum nútímans um lýðræði og jafnt vægi atkvæða.

**Fulltrúalýðræði og beint lýðræði**

Lýðræði er af tvennu tagi. Annars vegar höfum við fulltrúalýðræði þar sem kjörnir fulltrúar setja lög fyrir hönd umbjóðenda sinna, kjósenda. Hins vegar höfum við beint lýðræði þar sem kjósendur setja sér sjálfir lög milliliðalaust, þ.e. án þess að notast við kjörna fulltrúa sem milliliði. Báðar tegundir lýðræðis hafa kosti og galla eins og ráða má af því að báðar tíðkast um heiminn í ýmsum hlutföllum. Fulltrúalýðræði er meginreglan en beint lýðræði tíðkast víða til viðbótar eins og til að undirstrika að kjósendur eru yfirboðarar kjörinna fulltrúa, ekki öfugt. Svisslendingar eru þekktir fyrir beint lýðræði. Þar í landi eru fjölmörg mál útkljáð í þjóðaratkvæðagreiðslu frekar en á þingi. Svíar setja sum mikilvæg mál í þjóðaratkvæði. Upptöku evrunnar var t.d. hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Svíþjóð 2003. Það hvarflaði ekki að nokkrum Svía að vanvirða niðurstöðuna.

Þjóðaratkvæðagreiðslan um daginn um úrsögn Breta úr ESB vekur ýmsar spurningar. Bretar eiga sér enga skrifaða stjórnarskrá og eiga því ekki stjórnarskrárvarinn rétt til að útkljá mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan var haldin til að reyna að setja niður harðvítugar innanflokkserjur í Íhaldsflokknum. Hún var ráðgefandi, ekki bindandi. Myndarlegur meiri hluti brezka þingsins er andvígur úrsögn úr ESB. Sumir líta því svo á að naumur meiri hluti með úrsögn, 52% gegn 48%, í ráðgefandi þjóðaratkvæði veiti þinginu heimild til að hafa úrslitin að engu og halda sínu striki, m.a. í ljósi þess að Skotland og Norður-Írland greiddu atkvæði gegn úrsögn og kunna að eiga lagalegan rétt á að beita neitunarvaldi.

Aðrir líta svo á að úrslitin hljóti að standa úr því að efnt var til þjóðaratkvæðis um málið. Ég er í þeim hópi. Aðalsmerki þjóðaratkvæðagreiðslu er ekki að hún tryggi ævinlega rétta eða farsæla niðurstöðu. Nei, aðalsmerki þjóðaratkvæðagreiðslu sem löggjafarþingið býður til er að úrslit hennar verða ekki vefengd. Ég lærði þessa skilgreiningu lýðræðis af George Brown, utanríkisráðherra Breta 1966-1968: „There

> **Fulltrúalýðræði er meginreglan en beint lýðræði tíðkast víða til viðbótar eins og til að undirstrika að kjósendur eru yfirboðarar kjörinna fulltrúa, ekki öfugt.**

shall be no one to stop us from being stupid if stupid we want to be.“

Með öðrum orðum: Lýðræði er algilt og óvefengjanlegt líkt og önnur mannréttindi og leyfir engin frávik, engar undantekningar. Þetta skilja Bretar og virða og öll ríki Evrópusambandsins.




KRÓNAN
#Grillsnilld KRÓNAN
ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN
GERÐU ÞINN EIGIN FABRIKKUBORGARA
ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK
1299 kr. pk.
ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN
100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka
100% hamborgara-búðin þín
90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.
Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.
alltaf 2 stk. í pakka
Doritos
Doritos SWEET CHILLI PEPPER
Doritos NACHO CHEESE
3 fyrir 2 af Doritos
196 kr. stk.
Doritos snakk, 170g
-20%
Coca-Cola
Coca-Cola zero
79 kr. stk.
Verð áður 99 kr. stk.
Coke og Coke Zero, 250 ml
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
899 kr. pk.
Grillborgarar með brauði 4 stk.
Gott verð!
499 kr. pk.
Rösti kartöflur 6 stk.
#Grillsnilld KRÓNAN
649 kr. pk.
Grillbakki maískólfar 4 stk.
TILBOÐIN GILDA TIL 1. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
#Grillsnilld
KRÓNAN
-20%
Mangó marinering
Grísahnakkaspjót
úrval marineringa
1439 kr. kg
Verð áður 1799 kr. kg
Grísahnakkaspjót, Spánn
-40%
Ungnauta Rib Eye
3599 kr. kg
Verð áður 5999 kr. kg
Ungnauta Rib Eye, Nýja Sjáland
Marinerað af kjötmeistara Krónunnar
Hvítlaukur og rósmarín
-35%
Ungnautalund
3899 kr. kg
Lambafile með fituröndinni (úrval marineringa)
4499 kr. kg
Verð áður 6999 kr. kg
Ungnautalund, Nýja Sjáland
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 1. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

Ódýrt




XRAY orkudrykkur 250ml

**59** kr. stk.




Ódýrt




Gestus poppkorn 100g

**99** kr. stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
-30%
bláber í fötu!
979 kr. stk.
Verð áður 1398 kr. stk.
Bláber í fötu 500g, Holland
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
Nýjar íslenskar kartöflur í lausu
199 kr. kg
Þykkvabæjarkartöflur
OPIÐ 10-20
mánudaginn 1. ágúst
FLATAHRAUN - FITJAR - GRAFARHOLT - GRANDI
LINDIR - MOSFELLSBÆR - NÓATÚN 17 - SELFOSS
HAMRABORG - JAFNARSEL - VESTMANNAEYJAR
TILBOÐIN GILDA TIL 1. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# „Hnappurinn" – byltingarkennd einföldun ársreikninga



**Ragnheiður Elín Árnadóttir**
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Eitt af áhersluatriðum ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu hefur verið að einfalda regluverk og bæta starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Ein stærsta breytingin sem gerð hefur verið fyrir lítil fyrirtæki er „Hnappurinn", en það er heiti yfir rafræn skil ársreikninga. Fyrir skömmu fól ég ríkisskattstjóra að útfæra og framkvæma vinnu við að koma á rafrænum skilum ársreikninga fyrir örfyrirtæki til þess að minnka kostnað þeirra og bæta viðskiptaumhverfi eins og kallað hafði verið eftir.

Einfaldari skil ársreikninga hjá litlum fyrirtækjum, lægri umsýslukostnaður og bætt viðskiptaumhverfi voru einmitt helstu markmiðin með breytingum á lögum um ársreikninga sem ég lagði fram á Alþingi á vorþingi og samþykkt voru fyrir þinghlé. Breytingarnar taka til yfir 80% íslenskra fyrirtækja og eru þau nefnd örfyrirtæki til aðgreiningar. Samkvæmt lögunum eru örfyrirtæki skilgreind sem þau fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö af þremur skilyrðum; að vera með efnahagsreikning upp á 20 milljónir króna eða minna, ársveltu undir 40 milljónum króna og ekki meira en þrjú ársverk að meðaltali.

Forsvarsmenn örfyrirtækja geta valið að gefa samþykki sitt fyrir því að lykiltölur úr skattframtali fyrirtækisins verði sendar ársreikningaskrá sem fullgildur ársreikningur til birtingar. Skoðunarmaður og endurskoðandi þurfa ekki að yfirfara þá reikninga og skýrsla stjórnar þarf ekki að fylgja með. Þetta einfaldar skil fyrir um 80% fyrirtækja á Íslandi og lækkar kostnað þeirra verulega. Framkvæmdin er einföld og nægir að haka í þar til gerðan reit á skattframtalinu (Hnappinn) og tölvukerfi ríkisskattstjóra sér síðan sjálfvirkt um að útbúa ársreikning sem byggir á fyrirliggjandi gögnum. Með þessu er stigið stórt skref í þá átt að bæta skil á ársreikningum. Með lagabreytingunni verður umhverfi viðskiptalífsins gegnsærra, óvirkum félögum mun vonandi fækka og heildaryfirsýn yfir markaðinn verður skýrari. Þetta er ein af forsendunum fyrir því að hægt sé að ráðast með markvissum hætti gegn kennitöluflakki.

Nýju lögin styrkja einnig sektarheimild ársreikningaskrár þannig að ferlið við að knýja fram skil á ársreikningum tekur styttri tíma og verður einfaldara í framkvæmd en verið hefur. Enn fremur er ferlið varðandi slit félaga hafi ársreikningi ekki verið skilað stytt og heimild til að krefjast slita færð frá ráðherra til ársreikningaskrár.

**Skoðunarmaður og endurskoðandi þurfa ekki að yfirfara þá reikninga og skýrsla stjórnar þarf ekki að fylgja með.**

Ég leyfi mér að fullyrða að þessi breyting sé jafn mikil bylting fyrir atvinnulífið og var fyrir okkur einstaklinga þegar skattframtölin urðu rafræn á sínum tíma. „Hnappurinn" verður virkur fyrir skil á ársreikningi fyrir rekstur ársins 2016.

# Einelti eða einsýni?



**Árni Páll Árnason**
þingmaður



Ögmundur Jónasson kom Mjólkursamsölunni til varnar í blaðinu í vikunni og ásakaði Samkeppniseftirlitið og gagnrýnendur um einelti í garð MS.

Allt það sem Ögmundur telur MS til tekna er óumdeilt. Bændur eiga þetta samlag í félagslegri eigu og ekkert athugavert við það. Samþjöppun í afurðakerfinu hefur vissulega dregið úr kostnaði, þótt samkeppni milli afurðastöðva hefði mögulega líka getað gert það. Um það verður því miður aldrei fullyrt. Þegar mjólkurbúinu í Borgarnesi var lokað lá fyrir tilboð einkaaðila á drykkjarvörumarkaði um kaup á búinu. Eigum við að velta fyrir okkur hvað samkeppni á vinnslustigi hefði getað þýtt í hækkuðu afurðaverði til bænda?

Til að koma samþjöppuninni á var MS veitt undanþága frá samkeppnislögum, sem átti að vera tímabundin. Í skjóli þessarar undanþágu – sem nú á að gera varanlega – hefur MS hins vegar forðast að laga hið sameinaða fyrirtæki að eðlilegum starfsháttum á markaði og misnotað undanþáguna til að beita mismunun í verðlagningu til skyldra og óskyldra aðila. Það er ekki í samræmi við hagsmuni bænda að draga úr nýsköpun og vöruþróun í mjólkuriðnaði með því að drepa skipulega alla samkeppni af MS. Það kann hins vegar að vera stjórnendum MS í hag. Einsýni þeirra í markaðshegðun er vandamálið. Afstaða VG í afurðamálum bænda er mér viðvarandi undrunarefni, þar sem flokkurinn tekur ávallt sérhagsmuni fram yfir almannahagsmuni. Ögmundur má passa sig að verða ekki óviljandi varðhundur fyrir óforskammaða fákeppnishunda í réttmætri löngun til að koma bændum til varnar. Misnotkun markaðsráðandi stöðu er aldrei nauðsynleg afleiðing félagslegs rekstrar. Hún er ofbeldi og á ávallt að fordæma sem slíka. Að gefa slíkri markaðshegðun gæðastimpil sem „úrræði samvinnu- og jafnaðarsamfélagsins" er fullkomlega út í hött.

**Það er ekki í samræmi við hagsmuni bænda að draga úr nýsköpun og vöruþróun í mjólkuriðnaði með því að drepa skipulega alla samkeppni af MS.**

Við í Samfylkingunni höfum alltaf verið andsnúin því að eitthvað annað gildi um mjólkuriðnaðinn en almennar samkeppnisreglur. Sprotarnir sem hafa náð að verða til við hlið MS hafa sýnt frumkvæði í vöruþróun, en verið svo kæfðir. Eftir stendur mjólkuriðnaður þar sem vöruframboð er fáránlega einhæft og vöruþróun lítil. Vegna skorts á samkeppni er MS gríðarlega aftarlega á merinni þegar kemur að t.d. sykurinnihaldi í afurðum og vann – allavega til skamms tíma – skyr ekki einu sinni úr þeim skyrgerlum sem hefðbundin framleiðsluaðferð kveður á um. „Ég á þetta, ég má þetta" gætu verið einkunnarorð stjórnenda MS. Það þarf ekki að nota bestu fáanlegu náttúruleg bragðefni, ekki draga úr sykurmagni og ekki nota skyrgerla til að búa til skyr. Það er enda hægt að henda öllu í okkur – við eigum ekkert val. Bændur hefðu af því mikinn hag að samkeppnisaðilar fengju að þrífast við hlið MS og bjóða fjölbreyttari vöru. Þá myndi mjólkurneysla væntanlega aukast og bændur njóta vel. Þetta kerfi hefur gengið sér til húðar og það munu líka gera þeir stjórnmálaflokkar sem ætla að standa um það vörð.

# Valkvætt lýðræði



**Lýður Árnason**
meðstjórnandi í Lýðræðisvaktinni

Beint lýðræði fær nú mikið kastljós í Bretlandi. Þar varð ofan á niðurstaða sem mörgum þótti óhugsandi, óferjandi, óbærileg og það svo mjög að milljónir vilja nýja þjóðaratkvæðagreiðslu. En hvað svo? Tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um sama mál, staðan 1-1? Á seinni atkvæðagreiðslan að ráða úrslitum eða kannski sú þriðja?

Eitt af fyrstu embættisverkum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur var að hefja aðildarviðræður við ESB. Samstarfsaðilinn, Vinstri grænir, stungu á sig ógleðistílum enda gekk þetta þvert á yfirlýsingar gagnvart eigin kjósendum. Ekki kom til greina að spyrja þjóðina álits enda annar stjórnarflokkurinn skíthræddur við niðurstöðuna. Því var útkoman að gera ekki neitt og málinu þröngvað í gegnum þingið.

Næst var ákveðið að færa stjórnarskrárbreytingar út úr sölum Alþingis og í hendur fólksins í landinu. Það ferli hlaut heimsathygli og þjóðin kláraði málið með þjóðaratkvæðagreiðslu 2012. Alþingi hins vegar hikstaði á útkomunni og ákvað að virða niðurstöðuna að vettugi. Og nú er stjórnarskrármálið aftur á strandstað.

Núríkjandi ríkisstjórn ákvað að draga Ísland út úr aðildarviðræðum við ESB og gerði það án þjóðaratkvæðis, þvert á eigin orð. Aftur, niðurstaðan gat orðið þeim andkvæð og því betra að hún liti ekki dagsins ljós. Það sem þótti sjálfsagt fyrir kosningar var orðið að pólitískum ómöguleika eftir kjördag.

**Með þessu hátterni hafa allir flokkar á Alþingi að Pírötum undanskildum varpað eigin ómöguleika yfir á þjóðina sem situr uppi með helling af óútkljáðum málum.**

### Varpað yfir á þjóðina

Með þessu hátterni hafa allir flokkar á Alþingi að Pírötum undanskildum, varpað eigin ómöguleika yfir á þjóðina sem situr uppi með helling af óútkljáðum málum. Eina málið sem hefur verið útkljáð er Icesave og það er vegna þess að sú þjóðaratkvæðagreiðsla var bindandi og alþingismenn gátu ekki snúið hana af sér.

Það kalla ég „Valkvætt lýðræði", þegar stjórnmálaflokkar berjast gegn þjóðaratkvæðagreiðslum um augljós deilumál, svo stór að þau kljúfa eigin þjóð í tvennt. Það kalla ég „Valkvætt lýðræði", þegar stjórnmálaflokkar hundsa niðurstöður þjóðaratkvæðis gangi þær í berhögg við eigin vilja. Og það kalla ég „Valkvætt lýðræði", þegar stjórnmálaflokkar vísa í almennar kosningar máli sínu til stuðnings.

Þeir eru til sem telja nóg að mæta á kjörstað á fjögurra ára fresti og láta alþingismenn um rest. Hinir, sem vilja hafa áhrif á gang mála þess á milli, verða hins vegar að hrista af sér þessa valkvæðni og vera tilbúnir að ganga lýðræðinu í mót þó aflvakinn sé önnur sjónarmið en þeirra eigin. Þetta er alveg eins og Evrópumeistaramót í fótbolta, við komum okkar liði í gegnum forkeppni, mætum á völlinn, öskrum okkur hás, fögnum sigri eða unum tapi. Þannig göngum við áfram veginn.

# Alþingi bæti kjör aldraðra og öryrkja!



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Um þetta leyti í fyrra skoraði ég á Alþingi að bæta kjör aldraðra og öryrkja það mikið, að þau dygðu til sómasamlegrar framfærslu. Ég gerði þetta í grein í Fréttablaðinu. Ég benti á, að þeir aldraðir og öryrkjar, sem aðeins hefðu lífeyri almannatrygginga, hefðu ekki fyrir öllum útgjöldum og gætu ekki leyst út lyfin sín eða yrðu að sleppa því að fara til læknis þó nauðsynlegt væri. Ég skoraði á Alþingi að leysa málið strax. Ég var svo grænn, að ég hélt að Alþingi mundi taka rögg á sig, gera þverpólitíska sátt og afgreiða kjarabætur til aldraðra og öryrkja í allsherjar sátt. Með því hefði álit á Alþingi stóraukist. Því hefði ekki verið vanþörf á.

### Ekkert gerðist

Ekkert gerðist. Alþingi gerði ekki neitt. Alþingi hafði engan áhuga á að leysa vanda aldraðra og öryrkja. Alþingi hefur greinilega fundist þægilegra að aðhafast ekkert. Það hefði verið talsverð vinna að koma á þverpólitískri sátt.

Ég skrifaði líka forseta Alþingis, Einari K. Guðfinnssyni; bað um að hann hefði forgöngu fyrir því, að Alþingi samþykkti kjarabætur fyrir aldraða og öryrkja. Forseti Alþingis brást líka. Hann stakk bréfinu undir stól. Hann hafði sama hátt á og ráðherrarnir, þegar þeir fá bréf frá öldruðum og öryrkjum. Þeir stinga bréfunum ofan í skúffu.

**Ástandið er enn þannig í kjaramálum þeirra aldraðra og öryrkja, sem eingöngu verða að reiða sig á lífeyri frá almannatryggingum, að þeir eiga ekki fyrir öllum útgjöldum. Þeir hafa ekki nóg til framfærslu.**

### Alþingi brást í fyrra

Alþingi brást öldruðum og öryrkjum í fyrra. Til þess að kóróna ósómann felldi Alþingi við afgreiðslu fjárlaga að veita öldruðum og öryrkjum afturvirkar kjarabætur eins og öðrum í þjóðfélaginu. Davíð Oddssyni, fyrrverandi forsætisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, ofbauð þetta. Hann gagnrýndi það



í sjónvarpinu við umræður um forsetaembættið, að aldraðir og öryrkjar skyldu ekki fá afturvirkar kjarabætur í fyrra eins og aðrir.

### Ný áskorun á Alþingi

Ástandið er enn þannig í kjaramálum þeirra aldraðra og öryrkja, sem eingöngu verða að reiða sig á lífeyri frá almannatryggingum, að þeir eiga ekki fyrir öllum útgjöldum. Þeir hafa ekki nóg til framfærslu. Ég vil því enn á ný skora á Alþingi að leysa mál þessa fólks. Ég skora á Alþingi að hækka lífeyri þessa hóps þannig, að dugi til framfærslu. Ég tel, að hækka þurfi lífeyrinn um 50 þúsund krónur á mánuði að lágmarki til þess að lífeyrir dugi til sómasamlegrar framfærslu. Hækka á verst stadda hópinn um þessa fjárhæð og aðrir aldraðir og öryrkjar hækki hlutfallslega. Ég skora á Alþingi að gera þverpólitíska sátt til þess að leysa framfærsluvanda aldraðra og öryrkja.


SCOTT WATERBAG
7.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 15.790 KR.
ZAMBELAN BARNA GÖNGUSKÓR
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 16.790 KR.
STÆRÐIR 28–41
COLEMAN DRAKE 2 FAST PTCH
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
MERIDA CYCLO CROSS 300
129.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 199.990 KR.
COLEMAN DECK CHAIR
8.490 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.890 KR.
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
10%
AUKA AFSLÁTTUR
OFAN Á ÖLL ÚTSÖLUVERÐ
LOKAÐ UM VERSLUNARMANNAHELGINA
LAUGARDAG–MÁNUDAGS
PRIMUS LOKE HITARI
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 13.760 KR.
COLEMAN DARWIN 2.
TVEGGJA MANNA TJALD
SÉRVERÐ
15.990 KR.
MOUNTAIN HARDWEAR
30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
DIDRIKSONS REGNKÁPA
2.513 KR.
VERÐ ÁÐUR
3.590 KR.
50%
AFSLÁTTUR
DRAINMAKER
COLEMAN KÆLIBOX 26 LÍTRA
7.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 10.990 KR.
30%
DIDRIKSONS
POLLAGALLAR
VIKING GÚMMÍSKÓR
3.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.
20%
AFSLÁTTUR
AF DEVOLD
VÖRUM
COLEMAN SILVERTON
150 SVEFNPOKI
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR
13.990 KR.
ELLINGSEN HÚFA
SÉRVERÐ
1.990 KR.
ELLINGSEN
SÍÐAN 1916
TRYGGVABRAUT 1–3
AKUREYRI
580–8550
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580–8500
ELLLINGSEN.IS

# Athyglisbrestur og ofurathygli



Jón Þór Ólafsson, starfsmaður á plani

Þeir sem greinast með athyglisbrest eiga margir það sameiginlegt að hafa ofurathygli. En aðeins þegar áhugi er til staðar. Athyglin bregst aðallega þegar áhugann skortir.

Til að framkvæma er nauðsynlegt að geta beint athyglinni að viðfangsefninu, unnið með það í skammtímaminninu og útilokað áreiti og hvatir sem trufla verkið. Á fræðimálinu er þessi virkni heilans nefnd 'excecutive functions' (framkvæmdageta). Þessir þrír þættir framkvæmdagetunnar eiga það sameiginlegt að ganga á sömu birgðir, sama batteríið, sömu takmörkuðu getuna í heilanum.

Rannsóknir sýna að fólk er mælanlega líklegra til að velja óhollari frekar en hollari mat þegar það leggur meira á skammtímaminnið. Á meðan skammtímaminnið er að erfiða erum við hvatvísari. Það útskýrir hvers vegna heilkenni athyglisbrests og ofvirkni/hvatvísi (ADHD) fara oft saman. Ef barn með ADHD og mikla hreyfiþörf þarf samtímis að nota takmarkað framkvæmdabatteríið sitt í að sitja kyrrt, og bæði beina athyglinni og beita skammtímaminninu að verkefni sem því finnst ekki áhugavert, þá er batteríið fljótt búið. Athyglisbrestur og ofvirkni eru þá eðlileg einkenni.

Einkenni ofvirkni hverfa oft með aldrinum. Þau færast inn á við, eins og því er lýst. Við að fullorðnast þroskast framheilinn sem sér um hvatastjórn. Óþægindin eða spennan sem birtast sem ofvirkni eru enn til staðar, en með aldrinum sýnum við minni ytri einkenni.

### Öflug tölva með lítið batterí

Nýlega benti frændi minn á að ég væri með athyglisbrest. Ég hef ofurathygli svo það gat ekki verið. Hann hafði lesið viðtöl við mig og sagði lýsingarnar vera dæmigerð einkenni athyglisbrests. Ég get ekki lært án áhuga. Mig verkjar aftan í heilann. Missi sífellt athyglina. Spennist upp. Og vinnsluminnið sem annars getur verið svo hratt skilar litlili og ómerkilegri vinnu. Heilinn getur verið fær um ofurathygli og vinnsluminnið verið hratt, en batteríið sem keyrir þessa framkvæmdagetu er lítið og fljótt að klárast hjá fólki með ADHD.

### Að hlaða batteríið og auka endinguna

Það eru margar leiðir til að hlaða framkvæmdabatteríið og til að auka endinguna. Áhugi eykur hleðsluna og endingu. Jákvæðar tilfinningar og hvatning einnig. Spenna og stress minnka hins vegar endinguna, en bæði hreyfing og slökun minnka stress og hlaða batteríið. Sumir þurfa stutta pásu á korters fresti. Aðrir þurfa að hreyfa sig til að geta hugsað almennilega. Hvað virkar best er einstaklingsbundið. En þegar batteríið er búið þá þarf að hlaða það eða keyra hausinn áfram með mjög skerta athyglisgetu og lélegar bremsur. Áður en ég fékk ADHD-lyf keyrði ég hausinn á mér oft þannig og notaði svo áfengi til að slökkva á honum á kvöldin. Lyfin slökkva algjörlega á óþægindunum og eirðarleysinu svo ég get einbeitt mér að misskemmtilegum verkum sem lífið býður upp á. Ég hef meira val.

Peter Drucker, faðir nútímastjórnunar, sagði „aðeins styrkleikar skila árangri" og að tilgangur skipulagsheilda sé að styrkleikar skili árangri og að veikleikar hindri þá ekki. Með skilningi og stuðningi getur fólk með athyglisbrest og ofvirkni/hvatvísi yfirstigið mikið af hindrunum tengdum ADHD og gert sjálfum sér og öðrum meira gagn með friðsælli huga sem virkar þegar hann er notaður.




**Áhugi eykur hleðsluna og endingu. Jákvæðar tilfinningar og hvatning einnig.**

# Rafvæðing Reykjanesskagans og framtíðarásýnd



Örn Þorvaldsson rafiðnaðarmaður og fv. starfsmaður Landsnets

Þann 27. apríl sl. svaraði Landsnet (LN) grein minni, sem birtist í Fréttablaðinu þ. 21. apríl. Umræðan snýst um val á milli 220kV loftlínu eða jarðstrengs (132 eða 220kV), hver hin raunverulega þörf sé fyrir aukinn raforkuflutning til Reykjanesskagans.

### Fullyrðingar Landsnets

LN fullyrðir að Suðurnesjalína-1 (SN1) 132kV sé fulllestuð, og að þörf sé á varalínu Suðurnesjalínu-2 (SN2) 220kV.

### Svar undirritaðs

Í dag er Suðurnesjalína-1 hálflestuð. Með tilkomu væntanlegrar stóriðju í Helguvík 2018 mun álag á Suðurnesjalínu-1 verða 0-10 MW, það minnsta í 25 ár. Suðurnesjalína-2 sem 220KV lína er því óþörf! Sem dæmi: Höfuðborgarsvæðið tekur 270MW og er rekið á 132kV spennu – Reykjanesið tekur 40MW og eftir komu Torsil og United Silikon mun það, taka 150MW og gæti því einnig verið rekið á 132kV. Stækkun raforkukerfisins á Reykjanesi, með 132kV jarðstrengjum, samkvæmt valkostum 1-2 hér að neðan, eru nauðsynleg strax. Valkostur 3 (einnig 132kV jarðstrengur) væri raunhæfur eftir 20 ár, en komi fyrirtækin Torsil og United Silikon í Helguvík, verður hans ekki þörf fyrr en eftir 40-50 ár.

### Nýtanleg orka á Reykjanesi

Svæðið milli Svartsengis og Reykjanesvirkjunar er eitt gufuorkukerfi – viðhaldsgufu vantar í Svartsengi, og ekki er til næg gufa fyrir þriðju vélina í Reykjanesvirkjun (sjá grein Gunnlaugs H. Jónssonar í Vísi 13. ágúst 2015 „Rammaáætlun út af sporinu").

### Valkostir 1-3

Í valkostum 1-3 er gert ráð fyrir að raforkukerfi Reykjaness verði áfram 132kV, og raforkan verði flutt um jarðstrengi.

**Valkostur 1:** Að tvöfalda jarðstreng 132kV milli Fitja og Stakks, 8,5 km og leggja annan milli Rauðamels og Fitja, 5,5 km. Þetta ætti að gera árið 2017. Kostnaður yrði um 700 milljónir, og flokkast undir eðlilega stækkun kerfisins!

**Valkostur 2:** Að stækka jarðstrengstengingu Suðurnesjalínu-1 við Hamranes svo hún geti flutt það sama og línan (SN1), þ.e.a.s. 200 MW, og lengja jarðstrenginn jafnframt í u.þ.b. 5 km, vestur fyrir byggð í Hafnarfirði. Í dag er flutt rúmlega 100MW eftir Suðurnesjalínu-1 til HAM. Með aukinni raforkunotkun á Reykjanesi verður öll raforkuframleiðsla á svæðinu nýtt í Reykjanesbæ, og flutningur um Suðurnesjalínu-1 verður aðeins um 10 MW frá HAM til FIT. Jarðstrengsstækkunina er hægt að gera með línuna í rekstri, og ætti að gera á árinu 2019, þegar álagið orðið lítið. Snjalllausnir, aukið eftirlit og reglulegt viðhald dregur úr þörf fyrir nýbyggingar. Kostnaður yrði um 250 milljónir, og flokkast undir nauðsynlegt viðhald!

**Valkostur 3:** Að leggja SN2 sem 132kV jarðstreng með 180 MW flutningsgetu, meðfram núverandi línuvegi SN1, og með Stapafellsvegi til RAU. Lengd hans yrði 28 km. Miðað við fyrirsjáanlega þróun raforkukerfisins á Reykjanesi, verður engin þörf fyrir nýja línu (SN2) næstu 40-50 árin. Þá yrði ljósara, hvort leggja ætti hana til RAU eða FIT. Að leggja SN2 sem jarðstreng hefði marga kosti, þar á meðal betri endingu, því að hún yrði rekin á litlu álagi. Kostnaður við SN2 yrði u.þ.b. 1,25 milljarðar, og flokkast undir óþarfa sóun yrði það gert í dag!

Fyrirætluð stækkun LN: Suðurnesjalína-2, 220kV og stækkun alls kerfisins í 220kV. Heildarkostnaður um 3 milljarðar. LN áætlar að reka SN2 á 132kV í fyrstu, sem gæti orðið út líftíma hennar, þ.e. 70 ár! Framkvæmdin er fráleit!

Hér hefur verið lýst tveim kostum við rafvæðingu Suðurnesja, þ.e. 132kV jarðstrengjum (valkostir 1-3) eða 220kV háspennulínu (fyrirætlun LN). Kostnaðurinn er gjörólíkur. Fjárhagslegur sparnaður samkvæmt valkostum 1-3 yrði u.þ.b. tveir milljarðar króna, samanborið við fyrirætlun LN!

Nýr hæstaréttardómur átelur að ekki hafi verið nægilega skoðaðir allir valkostir, s.s. jarðstrengur, varðandi fullnægjandi rekstur raforkukerfisins á Reykjanesi og ber því að mínu áliti að skoða framlagða valkosti 1-3!

Auk fjárhagslegra og skipulagslegra raka gegn Suðurnesjalínu-2, 220kV, fæli hún í sér gífurleg náttúruspjöll á Reykjanesskaganum, eyðileggingu sem er með öllu ónauðsynleg og yrði ekki aftur tekin á þessari öld.




**Núverandi línur Landsnets á Reykjanesi (bláar), áætlaðar línur (grænar) og jarðstrengir sem lagðir eru til í valkostum 1-3 (dökkrauðir). Tengivirki á myndinni eru Fitjar (FIT), Hamranes (HAM), Rauðimelur (RAU), Stakkur (STA), Reykjanesvirkjun (REY) og Svartsengisvirkjun (SVA).**

**Í dag er Suðurnesjalína-1 hálflestuð. Með tilkomu væntanlegrar stóriðju í Helguvík 2018 mun álag á Suðurnesjalínu-1 verða 0-10 MW, það minnsta í 25 ár. Suðurnesjalína-2 sem 220KV lína er því óþörf!**

# Í spreng á Mývatnshringnum



Úrsúla Jünemann leiðsögumaður

Hvað fær gömlu konuna á níræðisaldri til að skríða undir hliðið þar sem menn eiga að borga fyrir afnot salerna? Nei, hún ætlar svo sannarlega ekki að svindla sér inn. Þetta gerði hún í algjörri neyð, var hvorki með kort né krónur og varð að komast á klósettið. Hvað gerir leiðsögumaður ef eldri maður spyr hvort hann megi pissa úti í móa, hann geti ekki haldið í sér lengur? Jú, leiðsögumaður kinkar kolli vandræðalega, hvað er hægt að gera annað?

Skemmtiferðaskipum fjölgar frá ári til árs. Oft eru þau þrjú og jafnvel fleiri á sama degi. Farþegum er boðið upp á dagsferðir og oft er prógrammið stíft og tímaramminn þröngur. Þá þarf leiðsögumaður að halda vel á spöðunum þannig að allt gangi upp. Aukapissustopp við einhverja sjoppu þar sem er einungis eitt klósett er ekki inni í dæminu, það þýddi strax töf um hálftíma.

Um daginn fór ég „sprenghring" í kringum Mývatnið. Fimm og hálfur tími átti að duga til þess. Kaffistopp var á áætlun þremur og hálfum tíma eftir brottför frá höfninni og einasta tækifærið til að komast á salerni á undan var í Dimmuborgum. Og þar er þetta hlið sem hleypir fólkinu einungis inn gegn greiðslu. Skipafarþegar sem stansa stutt hér á landi eru upp til hópa ekki með íslenskar krónur og oft með kortin sín á skipinu. Klárlega vantar upplýsingar frá skipinu um hvernig klósettmálin standa víða á vinsælum ferðamannastöðum.

Eldra fólk, sérstaklega konur, þarf einfaldlega að komast oftar á salernið. Væri það mikið mál að setja upp nokkur færanleg klósett á aðalstoppistöðvunum? Þetta reynist ágætlega til dæmis á Djúpalónssandi á Snæfellsnesi. Það er ekki spurning að við Mývatn ætti slíkt að vera í boði við Námaskarð og í Dimmuborgum. Aðila sem græða á tá og fingri á ferðamönnum munar ekkert um að splæsa í nokkra kamra og halda þeim við.

**Aukapissustopp við einhverja sjoppu þar sem er einungis eitt klósett er ekki inni í dæminu, það þýddi strax töf um hálftíma.**

Ástandið eins og það er núna er alveg ólíðandi og ég skammast mín fyrir landið okkar þegar mér er gert að fara með ferðamenn í svona sprengferð.


the PIER
GLÆSILEGT ÚRVAL
Á PIER.IS
20% AFSLÁTTUR
Polo U tungusófi
Áður 199.900,- NÚ 159.920,-
Stærð: 298x152x205 cm.
Litur: dökkgrár
3 FYRIR 2
AF PÚÐUM
Verð frá 1.990,-
ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
20–70% AFSLÁTTUR*
*GILDIR EKKI AF NÝJUM VÖRUM
Papasan stóll
Áður 12.990,- NÚ 9.093,-
Stærð: D114xH60 cm.
30% AFSLÁTTUR
Papasan zebra pulla
Áður 9.990,- NÚ 6.993,-
20% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
Essence náttborð
Áður 25.900,- NÚ 20.720,-
Stærð: 44.5x33xH74 cm.
Traktorssæti
Áður 25.900,- NÚ 18.130,-
Stærð: 40x40xH53 cm.
30% AFSLÁTTUR
3 FYRIR 2 AF PÚÐUM
Verð frá 1.990,-
Jalila stóll
Áður 39.900,- NÚ 27.930,-
Stærð: 64x77xH82 cm.
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



Bronsliðið frá HM í fyrra er mætt til Vandrum í Danmörku þar sem það reynir við Evrópumeistaratitilinn í flokki 20 ára og yngri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stórir, þungir og líklegir til afreka í Danmörku

**Karlalandsliðið í handbolta skipað leikmönnum 20 ára og yngri hefur leik á EM í Danmörku í dag. Sama lið vann stórmót í fyrra og hafnaði í þriðja sæti á HM í Rússlandi. Öðruvísi leikmenn en hafa sést áður.**

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta skipað leikmönnum 20 ára og yngri hefur leik á Evrópumótinu í Danmörku í dag. Strákarnir mæta Rússlandi í fyrsta leik klukkan 18.00 að íslenskum tíma en leikir íslenska liðsins fara fram í Vamdrup.

Ísland á afburðalið í þessum aldursflokki, en á síðasta ári unnu þessir strákar opna Evrópumótið og höfnuðu í þriðja sæti á HM U19. Verkefnið verður heldur betur erfitt í Danmörku að þessu sinni því íslenska liðið er í dauðariðlinum á mótinu. Auk Íslendinga og Rússa eru í B-riðlinum silfurlið Slóvena frá HM í fyrra og Spánverjar sem strákarnir okkar unnu í leiknum um bronsið. Þrjú af fjórum bestum liðum HM á síðasta ári drógust í sama riðilinn.

„Fókusinn okkar núna er bara á riðilinn því hann er mjög erfiður. Við verðum að halda einbeitingu þar,“ segir stórskyttan og fyrirliðinn Ómar Ingi Magnússon í viðtali við íþróttadeild. Ómar Ingi spilar með Val í Olís-deildinni en var mikið meiddur á síðustu leiktíð. „Ég er góður núna, bara mjög góður og klár í slaginn,“ segir hann um meiðslin.

Eftir góðan árangur á HM í Rússlandi í fyrra er pressa á strákunum að fullnýta hæfileika sína og helst að spila um verðlaun á mótinu. Ómar Ingi fagnar því.

„Við getum farið alla leið ef við spilum vel. Þá eigum við bara góðan möguleika á því. Það eru forréttindi að vera undir pressu og þurfa að takast á við svona hluti. Við erum allir klárir í það og munum njóta þess,“ segir Ómar.

### Næstu menn í A-landsliðið

Lykilmenn í þessu U20-liði eins og Ómar Ingi og varnartröllið Arnar Freyr Arnarsson hafa verið meiddir að undanförnu en allir eiga að vera klárir í slaginn fyrir leikinn gegn Rússunum í dag. Varnarleikurinn var undirstaða árangurs liðsins í fyrra og verður það vafalítið áfram.

„Liðið er gott í að verjast og þess vegna fáum við hraðaupphlaup sem hjálpa mikið til við markaskorun. Markverðirnir hafa líka verið frábærir fyrir aftan vörnina. Þetta verður bara gott ef við höldum svona áfram,“ segir Ómar Ingi.



Ómar Ingi Magnússon

Íslenska A-landsliðið stendur á ákveðnum tímamótum eftir tvö döpur stórmót í röð. Nýr þjálfari horfir vafalítið til þess að yngja liðið og fá inn efnilega menn en eru strákarnir í þessu U20 ára liði nógu góðir til að spila með stóru strákunum?

„Mér finnst það. Einhverjir af okkur geta komist þangað og það kannski kemur betur í ljós á þessu móti en margir okkar hafa burðina til að komast í A-landsliðið,“ segir Ómar Ingi, en hvað finnst öðrum þjálfara liðsins, Sigursteini Arndal?

„Ég sé nokkra fyrir mér í þessu liði eiga þann möguleika en það verður svo þeirra að taka síðasta skrefið. Við eigum marga virkilega efnilega leikmenn í þessum flokki og kannski sú breyting sem hefur orðið á leikmönnunum er að þeir eru hávaxnir og eru með fleiri kíló en við höfum séð áður,“ segir Sigursteinn.

> Fjórtán af sextán leikmönnum í U-20 ára liðinu voru í bronsliðinu í fyrra.

> Þeir hafa ekki bara verið að spila heldur hafa þeir líka verið í stórum hlutverkum hjá sínum liðum.
>
> Sigursteinn Arndal



### Í stórum hlutverkum

Aðspurður um möguleika íslensku strákanna á Evrópumótinu segir Sigursteinn að það sé klárlega í boði að liðið fari alla leið. En ef það á að ganga upp þarf allt að smella saman.

„Það væri kjánalegt að stefna á eitthvað minna en við gerðum síðast. Við erum með háleit markmið en það þarf auðvitað allt að ganga upp hjá okkur ef við ætlum okkur alla leið,“ segir Sigursteinn við íþróttadeild.

„Það sem við höfum umfram aðrar þjóðir er að við getum verið mikið saman. Það er svona fyrst núna sem við erum með menn úti í atvinnumennsku og erum að glíma við meiðsli. En við breytum samt ekkert okkar leik eða því sem gekk vel í fyrra.“

Nær allir strákarnir í liðinu hafa spilað mikið í meistaraflokki þrátt fyrir ungan aldur og gert það í nokkur ár. Þeir hafa öðlast mikilvæga reynslu sem Sigursteinn segir að skipti sköpum fyrir þá og liðið.

„Þeir hafa ekki bara verið að spila heldur hafa þeir líka verið í stórum hlutverkum hjá sínum liðum. Svo erum við líka með stráka sem hafa handbolta að atvinnu þannig það hlýtur að gera liðið betra,“ segir Sigursteinn Arndal.

## Nýjast

**Borgunarbikar karla, undanúrslit**

**Selfoss - Valur 1-2**
0-1 Kristinn Freyr Sigurðsson (50.), 0-2 Kristinn Ingi Halldórsson (81.), 1-2 James Mack (89.).

Valsmenn eru komnir í bikarúrslit annað árið í röð eftir 1-2 sigur á 1. deildar liði Selfyssinga á útivelli.

**Klopp getur átt ranga Ragnar! Nú á bara hr. Wenger að krækja í Ragnar Sigurðsson fyrst Arsenal vantar miðvörð með reynslu.**

Elvar Geir Magnússon
**@elvargeir**

**Inkasso-deild karla**

**Fram - Þór 2-1**
1-0 Orri Gunnarsson (1.), 2-0 Gunnlaugur Hlynur Birgisson (17.), 2-1 Gunnar Örvar Stefánsson (90+5).

**Fjarðabyggð - Leiknir F. 2-2**
1-0 Víkingur Pálmason (30.), 2-0 Hákon Þór Sófusson (41.), 2-1 Jesus Guerrero Suarez (59.), 2-2 Ignacio Poveda Gaona (88.).

**KA - Haukar 0-1**
0-1 Elton Renato Livramento Barros (61.).

**HK - Leiknir R. 2-1**
1-0 Ágúst Freyr Hallsson (22.), 2-0 Hákon Ingi Jónsson (59.), 2-1 Atli Arnarson (70.).

Leik Grindavíkur og Hugins var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

GUÐMUNDUR ÁRNI Í HAUKA
Hornamaðurinn Guðmundur Árni Ólafsson er genginn í raðir Hauka og mun spila með liðinu í Olís-deild karla í vetur. „Þau tilboð sem mér bárust að utan voru ekki áhugaverð og þá vildi ég frekar koma heim,“ sagði Guðmundur í samtali við Fréttablaðið í gær. Landsliðsmaðurinn skrifaði undir eins árs samning við Íslandsmeistara Hauka en hann kemur frá danska liðinu Mors-Thy.

KOMNAR Í ÁTTA LIÐA ÚRSLITIN
Stelpurnar í íslenska átján ára landsliðinu í körfubolta tryggðu sér í gær sæti í átta liða úrslitum B-deildar Evrópukeppninnar eftir átta stiga sigur á Norðurlandameisturum Finna, 81-73. Íslenska liðið var 22 stigum yfir fyrir lokaleikhlutann en Finnarnir lögðu stöðuna talsvert undir lokin. Haukastúlkan Sylvía Rún Hálfdanardóttir átti sannkallaðan stórleik en hún var með tröllatvennu, 28 stig og 20 fráköst, auk þess að senda 5 stoðsendingar og stela 5 boltum. Frábærar tölur.



Keflvíkingurinn Emelía Ósk Gunnarsdóttir skoraði 15 stig og þá var Blikinn og verðandi Valsarinn Elín Sóley Hrafnkelsdóttir með 13 stig og 15 fráköst.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 11.30 | Dortmund - Man. City | Sport |
| 17.00 | PGA-meistarm. | Golfstöðin |
| 18.00 | ÍBV - FH | Sport |
| 18.00 | ÍBV - FH | Hásteinsvöllur |

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

28. JÚLÍ 2016 FIMMTUDAGUR




# TÍSKA SNÝST UM SJÁLFSTJÁNINGU

**Tara Margrét Vilhjálmsdóttir félagsráðgjafi er oft spurð hvar hún fái fötin sín enda einstök smekkkona sem elskar að kaupa föt og verslar mikið á netinu.**

FRAMHALD Á SÍÐU 2

MYND/HANNNA













SKOÐAÐ

# Í SKÁPINN



Þessi silfurkjóll er glænýr og úr Asos. „Ég er ekki alveg búin að ákveða hvenær ég nota hann. Þetta er algjör djammkjóll og ég sé fyrir mér að nota hann fyrst við eitthvert alveg sérstakt tilefni, kannski afmælið mitt.“ MYNDIR/HANNA

**Hvar kaupir þú oftast föt?** Ég versla mest hjá netversluninni Asos og svo í Curvy í Fákafeni. Generous-línan í Lindex hefur líka gefið af sér einstaka gullmola. Curve-línan hjá Asos er gargandi snilld. Þeir eru með allt fyrir alla og má oft sjá sömu flíkina í normal size-deildinni og í Curve-deildinni hjá þeim, en í seinna tilvikinu býðst hún einfaldlega í stærri stærðum. Asos curve blæs á þá mýtu að sum snið henti ekki stærri stelpum og að við þurfum að klæða okkur til að fela „vandamálasvæðin“. Ég var alltaf skíthrædd við að kaupa föt á netinu en hjá Asos fann ég bara mína stærð og get treyst á að flíkin smellpassi svo lengi sem hún er í þeirri stærð. Ég mæli með að fylgja málunum á síðunni, ef þú ert í vafa skaltu frekar fara upp í stærð en niður. Oft hefur maður séð hvernig gæðin minnka með stærri stærðum. Svo er ekki hjá Asos Curve. Hærri verðmiði fylgir þó betri gæðum og þessi verslun er ekki á allra færi, hvað þá með tollum og innflutningsgjöldum.

**Klæðir þú þig á ólíkan hátt eftir tilefni?** Ég er misfín eftir tilefni en samt alltaf trygg mínum stíl sem ég reyni að hafa eins klassískan og ég get. Ég reyni alltaf að lágmarka líkurnar á að ég skoði myndir af mér eftir 10 ár og við blasi tískuslys. Það má því ekki beinlínis segja að ég sé áhættusækin þegar kemur að tísku.

**Finnst þér skemmtilegt að kaupa föt?** Ég elska að kaupa föt, sérstaklega með tilkomu Asos Curve.

**Finnst þér gaman að klæða þig upp á/vera í skemmtilegum fötum?** Mér finnst fátt skemmtilegra en að hafa mig til djammið eða eitthvað fínt. Það er hálfgert rítúal hjá mér. Enda tekur það hátt í 4 tíma þegar ég fer all in, með förðun og hári!

**Hver er uppáhaldsflíkin þín? Af hverju er hún uppáhalds? Hvar fékkstu hana?** Ég myndi segja að það sé samfestingurinn minn. Hann er svo praktískur því hann gengur við öll tilefni. Um daginn fór ég í honum í móttöku í Höfða og svo brunaði ég í vinnuna eftir á. Smellpassaði við báðar aðstæður. Hann er líka svo ótrúlega þægilegur og mér líður svo vel í honum. Að sjálfsögðu fékk ég hann hjá Asos.

**Hvað kaupirðu þó þú eigir nóg af því?** Blazer-jakka. Að mínu mati eru þeir klassískir og tímalausir og passa við ALLT! Enda á ég 10 stykki. Hver þarf 10 blazera!?! Þegar ég var að kenna líkamsmyndarnámskeiðið Body Project í vetur flaug ég og keyrði um allt land og þetta voru 10-12 tíma dagar á stanslausum þönum. Það var því mikilvægt að vera í þægilegum fötum og ég var því oftast í svörtum jógabuxum, skyrtu og blazer en ég virkaði samt fín. Blazer gerir allt fínna, punktur!



Samfestingurinn er eftirlætisflík Töru enda ótrúlega þægilegur og smellpassar við flest tilefni. Beltið er úr Curvy.



Hér er Tara í uppáhaldskjól frá Asos og jakkinn er þaðan líka.

**Áttu uppáhaldsskó?** Ætli það séu ekki Nike Lunarglide hlaupaskórnir mínir.

**Einhver skemmtileg saga sem tengist fatakaupum?** Fyrir nokkrum árum voru fatakaup helvíti fyrir mig. Mér leið ekki vel með líkama minn né leið mér vel í honum. Fataskápurinn var fullur af fötum sem voru of lítil en ég tímdi ekki að henda. Það tók mig langan tíma að sjá og skilja að ég er svo miklu meira en bara fatastærðin, sem við eigum til að skilgreina okkur allt of mikið eftir. Í nútíma samfélagi telst það róttækt að líða vel í eigin skinni, standa keik og segja: „Ég er ánægð með sjálfa mig.“ Að mínu mati er það ákveðin tegund sjálfsástar og líkamsvirðingar að kaupa sér flott föt, óháð reglum um hverju feitar stelpur mega klæðast og hverju ekki. Tíska snýst um sjálfstjáningu og þau skilaboð að feitar konur eigi að fela líkama sína, bæla okkur niður. Tíska snýst um að fagna líkamanum, ekki fela hann. Ég skora á alla að sýna handleggina, magann og lærin óhindrað í sumar. Lífið er of stutt til þess að vera stöðugt í feluleik og því meira sem þú ýtir þér út úr þægindarammanum því auðveldara verður það, ég lofa!


SUMARÚTSALA
Cross skenkur
198 cm kr. 179.900
ÚTSÖLUVERÐ kr. 125.990
Crow stóll
Svartur/Hvítur kr. 19.800
ÚTSÖLUVERÐ kr. 132.345
Donna
kr. 26.400
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 21.120
Grace
kr. 19.900
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 15.920
Monica stækkanlegt borð
90x180/270 cm kr. 155.700
ÚTSÖLUVERÐ kr. 132.345
20 - 50% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM
10% AFSLÁTTUR AF ÖÐRUM VÖRUM
Púði
kr. 11.900
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 8.330
Jake
kr. 23.900
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 17.925
Teppi
kr. 9.980
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 6.986
Calvin horntungusófi - vinstri tunga
260x203 cm kr. 247.600
ÚTSÖLUVERÐ kr. 198.000
Evelyn
kr. 94.000
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 75.200
Talia sófi 216 cm kr. 179.800 ÚTSÖLUVERÐ kr. 143.840
SÓFAR / SKENKIR / STÓLAR /SKÁPAR / BORÐSTOFUSTÓLAR
BORÐ / PÚÐAR / LJÓS / SMÁVARA
LÍNAN
BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16












# FARSÆLL FERILL

**Carolina Herrera kynnti fyrstu tískulínu sína árið 1981 og á því 35 ára feril að baki sem farsæll tískuhönnuður. Herrera er vinsæl bæði meðal aðals- og kóngafólks en ekki síður hjá stórstjörnum sem klæðast kjólum hennar hvað eftir annað á rauða dreglinum og víðar.**

Carolina Herrera fæddist árið 1939 í Caracas í Venesúela. Hún var yfirstéttarstúlka enda dóttir fyrrverandi landstjóra í Caracas. Amma hennar kynnti hina ungu Carolinu fyrir tískuheiminum, fór með hana á tískusýningar hjá Balenciaga og keypti á hana föt frá Lanvin og Dior.

Herrera er tvígift og á fjórar dætur, tvær þeirra með seinni eiginmanni sínum, Don Reinaldo Herrera Guevara, sem bar titilinn markgreifi, og því var Carolina um tíma markgreifafrú eða allt þar til titillinn var afturkallaður árið 1992 þar sem enginn var karlerfinginn.

Carolina Herrera flutti til New York árið 1980 til að vinna í verslun Emilio Pucci sem var góður fjölskylduvinur. Þar datt hún inn í elítufélagsskap þess tíma og átti vini á borð við Mick og Biöncu Jagger auk þess sem hún þekkti vel Andy Warhol og var um tíma hluti af klíkunni hans á skemmtistaðnum Studio 54. Þar var hún þekkt fyrir dramatískan stíl enda var hún oft valin á lista yfir þá best klæddu í heimi.

Herrera var góð vinkona Diönu Vreeland sem þá var ritstjóri Vogue. Það var Vreeland sem taldi Herrera á að gerast tískuhönnuður. Hún setti fyrstu tískulínu sína á markað árið 1981 en í dag er verslanir hennar að finna um allan heim.

Hönnun Herrera hefur sjö sinnum prýtt forsíðu Vogue. Hún hefur klætt forsetafrúr Bandaríkjanna, allt frá Jackie Onassis til Michelle Obama, og er vinsæl meðal stórstjarna á borð við Renée Zellweger þegar þær þurfa að mæta á rauða dregilinn.



**Carolina Herrera, glæsileg að vanda.**



**Jackie Onassis hélt mikið upp á fötin frá Herrera og er hér í kjól frá merkinu.**



**Michelle Obama klæddist kjól frá Carolina Herrera þegar hún tók á móti forseta Frakklands í opinberri heimsókn hans í Hvíta húsið árið 2014.**

# NÝR NEFÚÐI VIÐ OFNÆMISKVEFI

**LYFIS kynnir** Mometason Evolan nefúði inniheldur barkstera og fæst nú í apótekum án lyfseðils. Nefúðinn er ætlaður bæði við árstíðabundnu ofnæmiskvefi sem og langvarandi bólgu í nefslímhúð.

„Mometason Evolan nefúðinn inniheldur barksterann mometason fúróat. Barksterar eru mjög virk bólgueyðandi efni sem hindra myndun ýmissa boðefna í ónæmiskerfinu, m.a. í ofnæmi,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Einkenni frá nefi vegna ofnæmis geta verið nefstífla, nefrennsli, kláði í nefi og hnerri. „Með því að gefa barkstera í nef er hægt að hafa staðbundin áhrif á þessi algengu ofnæmiseinkenni frá nefi,“ segir Hákon.

Ofnæmiskvef, sem er árstíðabundið, er ofnæmisviðbrögð sem koma fram þegar andað er að sér m.a. frjókornum frá trjám, grösum og blómum eða sporum frá myglu og sveppum. Stöðug nefslímubólga kemur fram allt árið um kring og einkennin geta verið vegna ofnæmis fyrir ýmsum mismunandi ofnæmisvöldum, t.d. rykmaurum, dýrahári (eða húðflögum), fjöðrum eða ákveðnum fæðutegundum. Mometason Evolan minnkar þrota og ertingu í nefinu og dregur þannig úr nefstíflu, nefrennsli, kláða og hnerra.

Hjá sumum einstaklingum byrjar Mometason Evolan að draga úr einkennum 12 klst. eftir fyrsta skammt, en það geta liðið allt að tveir dagar þar til fullur árangur af meðferðinni kemur fram. Mjög gott er fyrir þá sem fá að jafnaði mikið ofnæmiskvef vegna frjókorna að byrja að nota lyfið nokkrum dögum áður en frjókornatímabilið hefst til að lágmarka einkennin eins og kostur er.

Mometason Evolan nefúðinn fæst án lyfseðils í apótekum. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér notkunarleiðbeiningar og helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má finna hér á eftir.







Mometason Evolan minnkar þrota og ertingu í nefi og dregur þannig úr nefstíflu, nefrennsli, kláða og hnerra.




Algengir ofnæmisvaldar.

LYFIS
Traust í lyfjum

**Notkunarsvið:** Mometason Evolan er ætlað til notkunar hjá fullorðnum, 18 ára og eldri, til meðferðar við einkennum árstíðabundinnar eða langvarandi bólgu í nefslímhúð. **Ekki má nota lyfið** ef til staðar er ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna eða ómeðhöndluð, staðbundin sýking í nefslímhúð. Ef viðkomandi hefur nýlega gengist undir nefaðgerð eða er með áverka í nefi. **Gæta skal sérstakrar varúðar** hjá einstaklingum með virka eða dulda berkla í öndunarfærum eða ómeðhöndlaðar sveppa-, bakteríu- eða altækar veirusýkingar og hjá ónæmisbældum einstaklingum. Lyfið inniheldur benzalkonklóríð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. **Skömmtun:** *Fullorðnir:* 2 úðaskammtar í hvora nös einu sinni á dag. Þegar stjórn hefur náðst á einkennum má minnka skammtinn í 1 úðaskammt í hvora nös einu sinni á dag. **Algengar aukaverkanir:** Höfuðverkur, hnerrar, blóðnasir, eymsli í nefi eða koki, sár í nefi, sýkingar í öndunarvegi. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2016.

# DESLORATADINE RATIOPHARM VIÐ OFNÆMI OG OFSAKLÁÐA

**24 KLST. VERKUN**

**LYFIS kynnir** Ofnæmislyfið Desloratadine ratiopharm er komið aftur í sölu. Fæst án lyfseðils í apótekum. Athugið breytt útlit pakkninga. Lyfið er litlar bragðgóðar munndreifitöflur sem hægt er að láta leysast upp í munni, tyggja eða kyngja í heilu lagi.

„Desloratadine ratiopharm er ofnæmislyf sem veldur ekki syfju. Það hjálpar til við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra með því að hindra verkun ofnæmisvakans histamíns,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Lyfið er fljótt að virka og verkun þess varir allan sólarhringinn, svo eingöngu er þörf á að taka það einu sinni á dag,“ segir Hákon.

Lyf sem innihalda virka efnið desloratadin, eins og Desloratadine ratiopharm, voru áður eingöngu fáanleg gegn lyfseðli. Mismunandi er milli einstaklinga hvaða ofnæmislyf hentar hverjum og því getur fólk þurft að prófa sig áfram með hvað hentar þeim. Desloratadine ratiopharm er nú aftur fáanlegt sem valkostur án lyfseðils í apótekum.

Eins og nafnið gefur til kynna er virka efnið desloratadin talsvert skylt efninu loratadini (innihaldsefni í m.a. Loratadin LYFIS), en loratadin er óvirkt efni sem umbreytist í líkamanum í virka efnið desloratadin. Með desloratadini er búið að taka út umbreytingarskrefið úr óvirku efni í virka efnið. Desloratadine ratiopharm munndreifitöflur leysast hratt upp í munni eða maga.

Desloratadine ratiopharm er fáanlegt án lyfseðils í 10 stk. og 30 stk. pakkningum og er ætlað fullorðnum og unglingum eldri en 12 ára. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má finna hér á eftir.




**OFNÆMISKVEF OFSAKLÁÐI**

**BREYTT ÚTLIT PAKKNINGA**

**Desloratadine ratiopharm eru litlar munndreifitöflur sem leysast hratt upp í munni eða maga og má taka inn án þess að drekka með vökva, þó það henti engu að síður líka. Munndreifitöflurnar eru með tutti frutti bragði og innihalda ekki laktósa.**

LYFIS
Traust í lyfjum

**Desloratadine ratiopharm** er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða.

**LÉTTIR ÞESSARA EINKENNA VARIR ALLAN SÓLARHRINGINN**

**Ofnæmiskvef, einkenni:**
- hnerri
- nefrennsli og kláði í nefi
- kláði í efri gómi
- kláði í augum
- rauð eða tárvot augu

**Ofsakláði, einkenni**
- kláði
- ofsakláði

**Notkunarsvið:** Desloratadine ratiopharm er ofnæmislyf. Það hjálpar við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra. Desloratadine ratiopharm er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmisnefkvefs og úr einkennum ofsakláða. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir desloratadini, einhverju öðru innihaldsefni lyfsins eða loratadini. **Varúð:** Verkun og öryggi Desloratadine ratiopharm munndreifitaflna hefur ekki verið staðfest hjá börnum undir 12 ára aldri. Desloratadine ratiopharm ætti að nota með varúð þegar um er að ræða verulega skerta nýrnastarfsemi. Lyfið inniheldur aspartam og getur því verið skaðlegt þeim sem eru með fenýlketónmigu. **Meðganga og brjóstagjöf:** Ekki er ráðlagt að nota Desloratadine ratiopharm á meðgöngu eða á meðan á brjóstagjöf stendur. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar (12 ára og eldri): ein 5 mg tafla einu sinni á dag. **Algengustu aukaverkanir:** þreyta, munnþurrkur og höfuðverkur. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: September 2013.










Leikkonan Eva Longoria er hrifin af Birkintöskum og á að minnsta kosti tvær. Hér er hún með þessa bláu.



Leikkonan Sofia Vergara með fallega og sérstaka Birkintösku í hendi.



Kourtney Kardashian með svörtu Birkintöskuna sína en hún og fjölskylda hennar eiga Birkintöskur í öllum litum og fyrir hvert tækifæri.

# EFTIRSÓTTUSTU TÖSKUR Í HEIMI

Handtöskur frá tískurisanum Hermés sem nefndar eru eftir leikkonunni **Jane Birkin** hafa lengi þótt tákn velmegunar og fágunar.

Sagan segir að hugmyndin að Birkintöskunni hafi kviknað 1983 þegar leik- og söngkonan Jane Birkin var að vesenast með handtöskuna sína í flugi milli Parísar og London með þeim afleiðingum að innihaldið fór út um allt. Einn af yfirmönnum hjá tískurisanum Hermés rétti leikkonunni hjálparhönd og þau fóru að spjalla um hvað það væri vonlaust að finna almennilega tösku sem væri bæði falleg og nógu stór. Þessum samræðum lauk ekki fyrr en nokkrum mánuðum síðar þegar starfsmenn Hermés höfðu hannað tösku sem uppfyllti allar kröfur leikkonunnar og fékk hún að sjálfsögðu nafnið Birkin. Skemmst er frá því að segja að Birkintöskur eru nú dýrustu handtöskur í heimi. Ódýrasta gerð kostar sjö þúsund dollara en Birkintaska úr krókódílaskinni úr Himalajafjöllum með tíu karata demanti í gullspennu á lásnum seldist á uppboði fyrir þrjú hundruð þúsund dollara eða um 36 milljónir íslenskra króna í júní síðastliðnum.

En hvað er svona stórkostlegt við Birkintöskurnar og hvernig réttlætir Hermés himinháan verðmiðann? Birkintöskur eru afar einfaldar að allri gerð, lógóið er ekki áberandi og aðeins útvaldir þekkja alvöru Birkin frá eftirlíkingum.

Leyndarmálið bak við verðmætið liggur meðal annars í framboði og eftirspurn. Þú labbar ekkert inn í búð og kaupir eitt stykki Birkintösku úr fjólubláu strútsleðri með látúnssylgju. Sama hvað þú átt mikla peninga. Til að eignast Birkin þarftu að fara í röðina. Og þegar röðin kemur að þér leggurðu inn pöntun og svo þarftu að bíða, jafnvel í heilt ár.

Hermés segir ástæðuna fyrir þessari rólegu afgreiðslu vera gæði hráefnisins og framleiðsluferlið. Hver Birkintaska er að öllu leyti búin til af einum og sama handverksmanninum sem tekur sér upp undir átján klukkustundir til að ljúka verkinu og lengur ef unnið er með viðkvæmt leður, eins og til dæmis af krókódíl. Það eru því takmörk fyrir því hvað hægt er að búa til margar Birkintöskur á hverjum tíma. Þrátt fyrir þetta selur fyrirtækið um 70.000 töskur á ári og um milljón Birkintöskur eru í notkun í heiminum.



Ensk-franska leik- og söngkonan Jane Birkin með töskuna sem Hermés nefndi í höfuðið á henni. Hún hefur síðan hótað að hætta að leggja nafn sitt við töskurnar sé dýraverndunarsjónarmiðum ekki fylgt í hvívetna við leðuröflun.

» Til að eignast Birkin þarftu að fara í röðina, leggja inn pöntun og bíða, jafnvel í heilt ár.

Aðalástæðan fyrir því að Birkintöskur eru svo eftirsóttar er einfaldlega sú að þær eru eftirsóttar, að mati sérfræðinga í neysluhagfræði. Það að eiga ekta Birkintösku eða eitthvað annað í svipuðum verðflokki segir ýmislegt um eigandann. Eða hefur gert fram að þessu. Jafnvægið milli framboðs og eftirspurnar er afar viðkvæmt. Aðals- og auðkonur vilja greina sig frá nýríkum Nínum, þekkja hver aðra á einföldum glæsileikanum og strútsleðrinu. Svo þegar konur eins og Kim Kardashian eiga Birkintöskur í öllum litum og fyrir hvert tækifæri dregur það úr gildi þeirra. Birkintöskur halda þó ennþá sínu og hér má líta nokkur eintök sem og fólkið sem fær að eiga þær.



# Maraþon

28. júlí 2016

## Bráðhollt hlaupafæði

**Matgæðingurinn Albert Eiríksson deilir bráðhollum uppskriftum fyrir hlaupara. Hann hleypur sjálfur sér til ánægju.** **SÍÐA 2**

## Frábær stemning

**Anna Bentína hleypur fyrir stígamót. Æfingarnar kosta blóð, svita og tár en stemningin í hlaupinu bætir það upp.** **SÍÐA 4**

## Hleypur í prinsessukjól

**Erna Katrín Árnadóttir ætlar að hlaupa tíu kílómetra í prinsessukjól til styrktar AHC samtökunum. Hún hefur þegar safnað 450.000 krónum.** **SÍÐA 8**


**Með fenix 3 sameinast glæsileg hönnun og fjölnota GPS snjallúr.**

Íþrótta- og útivistarfólk þarf ekki lengur að velja á milli – fenix 3 er bæði fullkomið íþróttaúr, útivistarúr, snjallúr og úr sem þú notar daglega í vinnu og leik. Þú getur einnig sérsniðið úrið að þínum þörfum með mismunandi upplýsingagluggum, forritum eða úraskífu með Connect IQ appinu frá Garmin.



GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGI 577-6000 WWW.GARMIN.IS

GARMIN.

fēnix 3

# Eðalmatur fyrir maraþonhlaupara

Matgæðingurinn Albert Eiríksson veit hvað hentar best í magann fyrir hlaup. Hann setti saman girnilegan matseðil sem hentar mjög vel fyrir þá sem stunda íþróttir og líkamsrækt. Matseðillinn er stútfullur af hollustu og góðum næringarefnum sem íþróttamenn þurfa.

Albert segist hlaupa reglulega sér til ánægju en hann sé ekki keppnismaður. „Það var viss áskorun að setja saman þennan matseðil fyrir hlaupara. Ég talaði við nokkra hlaupara og stúderaði vel hvað best er að borða fyrir fólk. Til dæmis er pasta ofarlega á lista dagana fyrir hlaup. Olíur eru líka mjög mikilvægar, þess vegna valdi ég avókadó. Sætar kartöflur innihalda kalíum sem er gott fyrir hlaupara,“ segir Albert.

Sjálfur ræktar hann grænmeti, spínat, klettasalat og haugarfa. „Sumir segja að haugarfi sé illgresi en hann er sérstaklega góður í pestó,“ segir hann. „Ég borða mikið grænmeti og þessi árstími er æðislegur þar sem úrvalið er svo ferskt og gott,“ segir Albert og hér koma þessar frábæru uppskriftir.

## SVALANDI RABARBARADRYKKUR

Virkilega ljúffengur drykkur sem er bæði mjög ljúffengur með blávatni saman við eða sódavatni. Bensonat er rotvarnarefni og fæst í flestum matvörubúðum og vínsýra fæst í Ámunni. Hressandi drykkur. Fimm kíló af rabarbara gefa rúmlega 4 lítra af vökva ( sem mætti nú eiginlega kalla þykkni).

**5 kg rabarbari**
**5 kg sykur**
**1½–2 msk. bensonat**
**5 g vínsýra**
**nokkrir dropar rauður matarlitur**

Skolið rabarbaraleggina og skerið í bita. Setjið allt í hreina fötu og setjið lok yfir. Látið standa við stofuhita í 10 daga, hrærið í ca. annan hvern dag.

Sigtið rabarbarann frá, bætið matarlit saman við og setjið drykkinn á flöskur, kælið eða frystið. Ath. að þetta er eins og þykkni sem þarf að blanda með vatni eða sódavatni í sömu hlutföllum og djús.

## EPLA- OG KJÚKLINGASALAT

Ferskt, gott sumarlegt salat sem er kjörið í samlokur eða á saltkex. Salatið má útbúa daginn áður og láta standa í ísskáp yfir nótt.

**⅓ b mæjónes**
**⅓ b grísk jógúrt**
**1 msk. eplaedik**
**1 msk. hunang**
**salt og pipar**
**1 b kasjúhnetur (ristaðar á pönnu ef vill)**
**ca. 700 g eldaður kjúklingur, skorinn í bita**
**2 b niðurskorin epli**

Blandið saman mæjónesi og grískri jógúrt, bætið við ediki, hunangi, salti og pipar. Setjið að síðustu hnetur, kjúklinginn og eplin og blandið vel saman.

Látið standa í ísskáp í ca. klst.

## PASTASALAT MEÐ GÚRKUM OG TÓMÖTUM

Þessi árstími er ekki hvað síst góður fyrir allt það góða og holla grænmeti sem hefur sprottið vel í góðri tíð undanfarinna vikna. Góð olía er mikilvæg fyrir líkamann.

Gott er að eiga nokkrar tegundir af góðum vönduðum olíum og nota til skiptis.

**ca. 3 b soðið pasta, t.d. slaufur**
**500 g litlir tómatar, skornir í helminga**
**2 gúrkur, skornar í bita**
**½ b ólífur, skornar í helminga**
**½ b fetaostur**
**2-3 þroskuð avókadó, skorið í bita**
**2 msk. ferskt dill**


Pasatasalat með gúrkum og tómötum.

**Dressing**

**¾ b ólífuolía**
**6 msk. rauðvínsedik**
**2 tsk. sykur**
**2 hvítlauksrif, saxað smátt**
**1½ msk. dill (ferskt)**
**1½ msk. oreganó**
**½ tsk. salt**
**pipar**

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel, mjög vel.

**Salat**

Sjóðið pastað samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu. Hellið á sigti og skolið með köldu vatni.

Setjið pastað ásamt tómötum, gúrkum, ólífum, feta og avókadó í stóra skál og blandið dressingunni saman við. Geymið í ísskáp í ca. 3 klst. Skreytið með dilli.


Epla- og kjúklingasalat. Ferskt, gott sumarlegt salat sem er kjörið í samlokur eða á saltkex. MYNDIR/EYÞÓR


Hægelduð kínóa- og kókossúpa, bráðholl og góð.


Albert hefur sett saman frábæran matseðil fyrir hlaupara, hollan og góðan.

## HÆGELDUÐ KÍNÓA- OG KÓKOSSÚPA

Það er kjörið að setja allt í pottinn, láta suðuna koma upp og slökkva undir. Síðan er ágætt að pakka pottinum vel inn í handklæði, svuntur, þurrkustykki og annað sem er við höndina. Þannig helst hitinn og súpan sýður á meðan þið farið t.d. út að hlaupa.

**1 laukur**
**2 msk. olía**
**1 sæt kartafla skorin í bita (ca. 3 bollar)**
**1 stórt spergilkálshöfuð, skorið í bita (ca. 2 bollar)**
**1 ds niðursoðnar kjúklingabaunir, soðinu hellt af og þær skolaðar**
**1 ds niðursoðnir tómatar í bitum**
**2 ds kókosmjólk**
**⅓ b kínóa**
**2 hvítlauksrif, söxuð smátt**
**1 msk. ferskt engifer, saxað smátt**
**1 msk. túrmerik**
**1 msk. tamari sósa**
**1-2 tsk. grænmetiskraftur**
**smá chili**
**1½ b vatn**
**salt og pipar**

Saxið laukinn og léttsteikið hann í olíu í sæmilega stórum potti. Bætið öllum hráefnum saman við og sjóðið við vægan hita í 1-2 klst.




ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# CHIA GRAUTAR
## STÚTFULLIR AF NÆRINGU




USDA ORGANIC
NON GMO Project VERIFIED nongmoproject.org

INNIHALDA CHIA FRÆ, ÁVEXTI OG GRÆNMETI.
1200 MG AF OMEGA 3. TREFJA- OG PRÓTEINRÍKIR.
GLÚTEINLAUSIR OG VEGAN LÍFRÆNT VOTTAÐIR OG ÓERFÐABREYTTIR.

# ERT ÞÚ KLÁR Í HLAUP DAGSINS?




**DEEP HEAT ROLL ON** EYKUR BLÓÐFLÆÐI TIL VÖÐVA.
VIRKAR BÆÐI SEM HITA- OG NUDDMEÐFERÐ.




# MAGNESÍUM OG KALK

## FYRIR TAUGAR OG BEIN




Lífrænn og bragðgóður rauðrófusafi.
Frábær fyrir hlaupara.



Anna hlakkar til Reykjavíkurmaraþonsins þar sem hún hleypur nú í þriðja sinn.



Anna Bentína stundar jóga meðfram hlaupunum og segir það fara vel saman.

# Þetta á ekkert að vera auðvelt

**Anna Bentína Hermansen** hleypur tíu kílómetra fyrir Stígamót í Reykjavíkurmaraþoninu. Hún segir hlaupin ekki vera sína íþrótt og þau kosti stundum blóð, svita og tár en stemmingin í hlaupinu og stuðningur þeirra sem heita á hana bæti fyrir andnauð og óstuð.

„Minn hlaupaferill er mjög stuttur. Ég byrjaði fyrir þremur árum að hlaupa til þess eins að safna áheitum. Ég hafði aldrei hlaupið á ævinni og er ekki góður hlaupari. En ég legg þetta á mig fyrir Stígamót,“ segir Anna og bætir við að sér finnist líka æðislegt að fara út í náttúruna og hlaupa. „En þetta er ekki auðvelt fyrir mig og ég hef þess vegna ekki treyst mér lengra en tíu kílómetra. Ég er ekki með mikið hlaupaþol og finnst ekkert sérstaklega skemmtilegt að koma mér af stað svo fyrir mig er þetta rosalega krefjandi. Stundum nenni ég þessu engan veginn. En blóð, sviti og tár gefa manni líka helling. Þetta á ekkert að vera auðvelt.“

Því fer þó fjarri að Anna sé sófakartafla sem ákvað að spretta upp úr sófanum og af stað. „Ég hef bakgrunn í dansi og finnst skemmtilegt í sundi, sjósundi og að hjóla og er betri í því öllu en hlaupum. Svo legg ég ástríðufulla stund á jóga en það er víst ekki hægt að safna áheitum í því.“

Undirbúningurinn tekur ekki yfir lífið vikurnar fyrir hlaup. „Ég hleyp þegar ég hef tíma og svo er er jógað styrkjandi og hot jóga reynir á þolið. Þegar ég hleyp þá hleyp ég ein, kannski þrisvar, fjórum sinnum í viku og fer fimm kílómetra á mínum hraða, er ekki að sprengja mig heldur stefni á að ná í mark. Og núna get ég hlaupið þessa fimm án þess að vera að kafna, ég, sem komst fyrst ekki á milli ljósastaura án þess að standa á öndinni.“

Anna segir skó og sokka skipta máli í hlaupunum en finnst að annað megi liggja milli hluta. „Ég fékk Brooks-skó á útsölu og fann mikinn mun á því að vera í góðum skóm í staðinn fyrir einhverjar tuðrur og svo er ég í hlaupasokkum og mér finnst það muna miklu. Þeir liggja svo þétt að að ég fæ ekki steina og drasl í sokkana og skóna. Svo er ég bara í mínum íþróttafötum sem ég nota líka í jóga.“

Hún segir að jógaiðkunin styðji hlaupin heilmikið. „Ég nýti teygjurnar og öndunartæknina úr jóganu og svo líka hugarfarið. Líkaminn getur oft svo miklu meira en hugurinn segir þér. Það er oft hann sem stoppar fyrst.“ Það var líka hugurinn og hjartað sem leiddi hana á hlaupabrautina. „Ég byrjaði að hlaupa fyrir þremur árum af því að mig langaði til að borga til baka það sem ég hafði fengið hjá Stígamótum og þetta er ein leið til að safna peningum og vekja athygli á málstaðnum. Mér finnst þessi leið mjög góð til þess. Svo hefur gengið svaka vel þetta árið að safna, ég held að ég sé efst, búin að safna rúmlega hálfri milljón og það er ennþá mánuður eftir.“

Anna Bentína hlakkar til Reykjavíkurmaraþonsins. „Það er sérstök stemming í hlaupunum. Og fólkið sem nennir ár eftir ár að standa fyrir framan heimili sín og hvetja hlauparana á tíu kílómetra leiðinni er ótrúlegt. Kona stoppar ekkert, er að alla leiðina og getur ekki annað en verið glöð og hrifist með. Þá eru allar æfingarnar þess virði.“

Þeim sem vilja heita á Önnu Bentínu er bent á að áheitanúmerið hennar er 1574.






# Nýtur hlaupanna miklu betur

**Jóhann Gunnarsson** hefur lagt stund á langhlaup síðastliðin fjögur ár og ætlar að hlaupa heilt maraþon í annað sinn í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst. Hann æfir af kappi og hefur notað bætiefnið SagaPro til að þurfa ekki að létta á sér í miðju hlaupi.

„Á svona löngum hlaupum vill maður vökva sig vel, bæði fyrir og á meðan á hlaupinu stendur,“ segir Jóhann sem æfir einn og hálfan til þrjá tíma í senn fjórum til fimm sinnum í viku. „Eftir þrjátíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu í fyrra var mér orðið verulega mál með tilheyrandi óþægindum og þurfti að taka tíma í að sinna því. Í vor ákvað ég að prófa SagaPro eftir að hafa heyrt vel af því látið. Það hefur reynst mér vel. Það dregur úr sífelldri þvaglátatilfinningu og ég nýt hlaupanna betur.“

SagaPro er íslensk náttúruvara unnin úr hvannarlaufum. Hún getur dregið úr tíðni þvagláta hjá fólki með tíð þvaglát sem stafar af lítilli eða minnkaðri blöðrurýmd, en tíð þvaglát geta verið hvimleið og hamlandi fyrir fólk sem vill geta stundað sína hreyfingu, s.s. hlaup, golf og fleira.

„Ég mæli hiklaust með þessu fyrir fólk sem er að fara í löng hlaup, langar göngur eða fjallaferðir,“ segir Jóhann. „Þetta er að mínu viti alveg meinlaust og ekki bara fyrir þá sem þurfa að pissa á nóttunni.“

Jóhann stefnir á að hlaupa maraþonið í ágúst á þremur klukkutímum og þrjátíu mínútum. Í fyrra hljóp hann á 3:45. Aðspurður segir hann alltaf stefnt að því að ná betri tíma. „Mér finnst þó aðalmálið að njóta. Ég er löngu búinn að sætta mig við það að ég sé ekki að fara að vinna. Þetta snýst bara um að sigra sjálfan sig.“




Jóhann segist jafnframt reyna að fara vel með sig á hlaupunum. „Aðalmarkmið mitt er að geta hlaupið eins lengi um ævina og mér er mögulega unnt.“ Jóhann hefur þó ekki alltaf verið jafn hrifinn af hlaupum. „Ég spilaði og þjálfaði fótbolta á árum áður og hef því alltaf verið viðriðinn íþróttir. Ég skildi hins vegar aldrei hvað fólk sá við hlaup. Um leið og ég fór að sinna þeim af einhverju viti féll ég hins vegar fljótt fyrir þeim enda gott fyrir mann á besta aldri að vera í góðu formi.“



**Ég mæli hiklaust með SagaPro fyrir fólk sem er að fara í löng hlaup, langar göngur eða fjallaferðir.**
*Jóhann Gunnarsson*

Jóhann stefnir á að hlaupa maraþonið í ágúst á þremur klukkutímum og þrjátíu mínútum. MYND/EYÞÓR

## HÁGÆÐAVÖRUR ÚR ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

„SagaMedica býður upp á margar áhugaverðar vörur úr hvönn og fer SagaPro við þvagvandamálum þar fremst í flokki. Þetta er fyrsta íslenska náttúruvaran sem er klínískt rannsökuð og gagnast hún bæði konum og körlum sem eiga við tíð þvaglát að stríða,“ segir Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, sölu- og markaðsstjóri SagaMedica, en varan hentar fólki með minnkaða blöðrurýmd sem er algengt vandamál.



**SagaPro fyrir hlaupara**

Ingibjörg segir það hafa sýnt sig að SagaPro geti fækkað salernisferðum hjá þeim sem þjást af tíðum þvaglátum og geti þannig einnig bætt svefninn.

„Ákveðnir lífsstílshópar sækja einnig í auknum mæli í þessa vöru til að geta stundað áhugamál sín án vandkvæða. Þetta eru til að mynda hlauparar, golfarar, göngu- og hjólreiðafólk en þarna er um að ræða áhugamál þar sem tíð þvaglát geta verið mjög hvimleið.“

Ingibjörg segir með sanni hægt að segja að SagaPro bæti lífsgæði þeirra sem glíma við tíð þvaglát og þjónar það breiðum hópi. „Þetta er mjög algengt vandamá og fer vaxandi með hækkuðum aldri. Nú er fólk virkara lengur og vill geta stundað sína hreyfingu og notið hennar sem lengst.“



# Lífleg hlaupasýning fyrir alla

**Stórsýningin FIT & RUN verður haldin í fyrsta skipti í tengslum við skráningarhátíðina fyrir Reykjavíkurmaraþonið í ár. Hátt í sextíu sýnendur taka þátt. Ekkert verður til sparað og eru allir velkomnir, jafnt hlauparar, fjölskyldur þeirra og þeir sem eru að hugsa um að byrja.**

Þátttakendur í Reykjavíkurmaraþoninu sækja venju samkvæmt hlaupagögn í Laugardalshöll dagana fyrir hlaup á svokallaðri skráningarhátíð. Síðustu ár hefur verið haldin sýning í tengslum við hátíðina þar sem fyrirtæki og félagasamtök kynna vörur, starfsemi og þjónustu.

„Sýningin hefur stækkað ár frá ári en hún kom í raun þannig til að hin ýmsu fyrirtæki óskuðu eftir að fá að vera með kynningar í tengslum við hátíðna. Sýningin vatt upp á sig og fyrr en varði var Íþróttabandalag Reykjavíkur komið með stóra sýningu á sínar herðar. Þeirra hlutverk er fyrst og fremst að skipuleggja hlaupin, útvega skráningargögn, loka götum og annað í þeim dúr og var því leitað til okkar um að taka við sýningunni,“ segir Katrín Amni Friðriksdóttir, sýningarstjóri hjá Vistaexpo, sem, sérhæfir sig í viðburðahaldi, en fyrirtækið hafði meðal annars umsjón með sýningunni Heilsu og lífsstíl sem haldin var í Hörpu í fyrra og þótti takast vel.

Katrín segir að fyrirtækin á sýningunni muni keppast við að sýna allt það nýjasta og flottasta tengt hlaupum og hlaupalífsstíl og nefnir jafnt fatnað, skó, mat-, jóga- og tæknivörur. „Það er svo margt sem tengist hlaupum og margt hægt að gera til að hámarka árangurinn.“ Katrín segir um 15.000 manns mæta á skráningarhátíðina ár hvert og er það kjörið tækifæri fyrir fyrirtækin að hitta markhópinn. „Þá viljum við reyna að gera góðgerðarfélögunum hátt undir höfði enda er áheitasöfnunin orðin stór partur af hlaupinu. Þeir sem hlaupa fyrir tiltekið félag munu því geta nálgast upplýsingar, boli og aðrar nauðsynjar á staðnum.“



Sýningin verður að sögn Katrínar afar fjölbreytt enda svo margt sem tengist hlaupum og margt hægt að gera til að hámarka árangurinn. MYND/EYÞÓR



Simon Wheatcroft er blindur en lætur það ekki stöðva sig.

> **Við viljum gera góðgerðarfélögum hátt undir höfði enda er áheitasöfnunin orðin stór hluti af hlaupinu.**
> *Katrín Amni Friðriksdóttir*

Katrín segir stefnt að því að gera sýninguna líflega og skemmtilega. Við hvetjum hlaupara til að koma með fjölskyldur, vini og börn því það verður eitthvað fyrir alla. Dagskráin er að taka á sig mynd og verða hinar ýmsu uppákomur fyrir alla fjölskylduna.“ Katrín leggur jafnframt áherslu á að sýningin sé öllum opin. „Hún er ekki bara fyrir þá sem hyggjast hlaupa í ár heldur líka þá sem langar kannski að byrja og vilja kynna sér málin en þarna verður hægt að sækja fróðleik og innblástur og nálgast ýmiss konar búnað.“

Nokkrir áhugaverðir fyrirlestrar verða haldnir í tengslum við sýninguna í ár. Má þar nefna fyrirlestur breska ofurhlauparans Simons Wheatcroft. „Simon er blindur en það kemur ekki í veg fyrir að hann hlaupi upp um fjöll og firnindi,“ segir Katrín. „Hann hefur hlaupið fjölmörg krefjandi hlaup og klifið fjöll með aðstoð upplýsingatækni en á fyrirlestrinum mun hann segja frá því hvernig honum hefur tekist að sigrast á áskorunum við keppni og æfingar með hjálp tækninnar. Simon hefur aldrei gefist upp þrátt fyrir fötlun sína og fjallar um hvernig hægt er að láta drauma sína rætast þrátt fyrir erfiðar hindranir.“

Sýningin verður opnuð fimmtudaginn 18. ágúst. Þann dag verður opið frá 15-21 en á föstudeginum frá 14 til 20.

# Léttir skór með góðri dempun

**New Balance íþróttaskór hafa notið sívaxandi vinsælda hér á landi að undanförnu. Útilíf tók þá í sölu í vor og hafa þeir rokið út í sumar. Rut Arnardóttir, vörustjóri í skódeild Útilífs, segir hlaupaskó hafa selst afar vel síðastliðin sumur í takt við aukinn hlaupaáhuga landans.**

„Við erum aðallega með hlaupaskó en líka talsvert af barnaskóm. Við stefnum svo að því að bæta við úrvalið af götuskóm og takkaskóm næsta vor,“ segir Rut Arnardóttir, vörustjóri í skódeild Útilífs. Hún segir skóna ekki hafa verið fáanlega hér um tíma en eftir að Actus tók við umboðinu hefur salan aukist jafnt og þétt. Þess má auk þess geta að New Balance eru nýir styrktaraðilar New York maraþonsins.“

Rut segir New Balance mjög góða skó. Hlaupaskórnir eru allir léttir með góðri dempun. Þeir halda vel við fæturna og henta bæði í styttri og lengri hlaup. Skórnir fást í hinum ýmsu útgáfum en Rut nefnir sérstaklega þrjár til sögunnar. „New Balance 1260 er öflugasti stuðningsskórinn en hann er innanfótarstyrktur. New Balance 1080 og 880 eru hlutlausir. Það er mismunandi hvað hentar hverjum og einum og því nauðsynlegt að gefa sér góðan tíma í að máta og prófa.“

Aðspurð segir Rut skóna vera mitt á milli Adias og Nike í verði. „Ég hef verið mjög ánægð með mína og finnst þeir mjög léttir og fínir.“ Rut segir hins vegar mikilvægt að mýkja alla hlaupaskó til fyrir hlaup. „Það borgar sig ekki að fara í nýja hlaupaskó viku fyrir hlaup og er þá alveg sama um hvaða tegund er að ræða. Ef þú ert að fara í alveg nýja týpu er gott að leyfa líkamanum að kynnast skónum á styttri vegalengdum fyrst um sinn. Það er til dæmis alls ekki ráðlegt að hlaupa 20 kílómetra í glænýjum skóm.“

Rut segist hafa fundið fyrir mikilli aukningu í sölu á hlaupaskóm í sumar líkt og fyrri sumur. „Það eru sífellt fleiri sem leggja stund á hlaup og flestir eru meðvitaðir um mikilvægi þess að kaupa góða skó ef þeir ætla að stunda þetta af einhverju viti.“



New Balance skórnir fást í mismunandi útgáfum. Rut segir misjafnt hvað hentar hverjum og einum og því mikilvægt að gefa sér tíma í að máta og prófa. MYND/STEFÁN



New Balance 880



New Balance 1080



New Balance 880



1260 týpan er innanfótarstyrkt

# Þurr augu?




**Tvöföld virkni**

**Sex sinnum lengri ending**

**án rotvarnarefna**

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

Fæst í öllum helstu apótekum.

provision

# Hleypur í prinsessukjól með kórónu

Hlaupabúningur Ernu Katrínar í Reykjavíkurmaraþoni verður fallegur kjóll sem Sunna Valdís vinkona hennar velur. Sunna er eini Íslendingurinn með AHC sem er einn flóknasti taugasjúkdómur sem þekkist. Nú þegar hefur Erna safnað um 450.000 krónum.

Ein þeirra sem hlaupa í Reykjavíkurmaraþoni til styrktar góðu málefni er hin 26 ára gamla Erna Katrín Árnadóttir. Hún hleypur til styrktar AHC samtökunum (Alternating Hemiplegia of Childhood) en þeir fjármunir sem hún safnar verða nýttir til þess að efla vitund sérfræðinga og almennings á sjúkdóminum og einnig nýttir í grunnrannsóknir á AHC. „Ég hleyp fyrir tíu ára gamla vinkonu mína sem heitir Sunna Valdís en hún er eini Íslendingurinn með AHC, sem er einn flóknasti taugasjúkdómur sem til er og veldur meðal annars sársaukafullum krampa- og lömunarköstum.“

Markmið Ernu Katrínar er auðvitað að safna sem mestum fjármunum en í gær, þriðjudag, hafði hún safnað nálægt 450.000 kr. „Þetta er það minnsta sem ég get gert fyrir vinkonu mína og öll hin AHC-börnin. Auðvitað stefni ég á að safna sem hæstri upphæð sem nýtist til rannsókna og fræðslu á AHC-sjúkdóminum sem er sjaldgæfur en að sama skapi hræðilegur. Eins og staðan er í dag vita 5-10% taugalækna af tilvist þessa sjúkdóms. AHC samtökin framleiða m.a. kynningarmyndbönd um sjúkdóminn sem hjálpa til við útbreiðslu þekkingar um hann.“

### Byrjaði rólega

Erna Katrín segist aldrei hafa hlaupið neitt af viti en þátttaka hennar í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst verður fyrsta alvöru keppnishlaup hennar. „Ég hóf undirbúning af alvöru fyrir rúmum mánuði og byrjaði að skokka rólega tvo kílómetra. Síðan lengdust hlaupin og í dag skokka ég þrisvar í viku, tvö sex km skokk og það þriðja er ellefu km. Ég ætla ekki að keppa við neinn tíma í hlaupinu heldur gera þetta vel og að sjálfsögðu slasa mig ekki.“

### Hleypur í kjól

Erna Katrín einsetti sér að hlaupa í kjól ef hún næði 200.000 kr. markinu þannig að nú er ljóst að vinkona hennar, Sunna Valdís, fær að velja fallegan kjól fyrir hlaupið. „Sunna er mikið heima hjá sér og finnst gaman að sjá veröldina gegnum nútímatækni, t.d. með myndsímtölum. Ég vinn með föður hennar og hún hringdi oft í hann þegar hann var í vinnunni og þar labbaði hann um með símann til þess að sýna henni vinnuna. Þar sá hún mig fyrst. Það var þó ekki fyrr en í janúar á þessu ári sem hún hóf að hringja í mig og ég varð augun hennar gegnum snjallsímann. Hún fær alltaf að sjá hvar ég er og það mikilvægasta, í hverju ég er! Alltaf verður hún jafn hneyksluð að sjá þegar ég er ekki í kjól, ekki með hálsmen eða armband, varalit og fleira. Því Sunna er alltaf fín, oftast í kjól eða pilsi og þrátt fyrir að eiga ömurlegan dag þá setur hún samt á sig gloss. Ég ætla sem sagt loksins að fara í kjól fyrir Sunnu og þá alvöru prinsessukjól með kórónu og allt! Núna verður hún stolt af mér.“



**Vinkonurnar Sunna Valdís (t.h.) og Erna Katrín.**

> **„Þetta er það minnsta sem ég get gert fyrir vinkonu mína og öll hin AHC-börnin.**
>
> *Erna Katrín Árnadóttir*



**„Ég hleyp fyrir tíu ára gamla vinkonu mína sem heitir Sunna Valdís en hún er eini Íslendingurinn með AHC, sem er einn flóknasti taugasjúkdómur sem til er,“ segir Erna Katrín Árnadóttir.** MYND/STEFÁN






OTA

# SOL GRYN®

*Hollir, ristaðir tröllahafrar*

VELDU HEILKORN

HAFRATREFJAR LÆKKA KÓLESTERÓL

SÓLSKIN BEINT
Í HJARTASTAÐ

ENNEMM / SÍA / NM71324

# Allur líkaminn hleypur með þér

Flestir velta húðinni og stoðkerfinu mikið fyrir sér þegar hugsað er um hlaup en það má ekki gleyma því að allur líkaminn tekur þátt í hlaupinu og bregst við á ýmsa lund þegar til kastanna kemur. Það er gott að vita hvaða líkamsviðbrögð eru eðlileg á hlaupum.



Nauðsynlegt er að eiga stuðningsbúnað við líkamshluta sem dingla á hlaupum og hoppum.



Gleymum því ekki að það er allur líkaminn sem hleypur, ekki bara stoðkerfið og húðin.

Húðin og stoðkerfið fá oft mikla athygli þegar hlaupið er og allir pæla í skóm, sokkum og hlaupafötum. En ekki gleyma að líkaminn er allur með í för og undir hlaupaálagi geta ólíklegustu líkamshlutar og líffæri látið í sér heyra. Það er mikilvægt að vita hvaða viðbrögð eru líkamanum eðlileg á hlaupum svo óþarfa áhyggjur af heilsufari láti ekki á sér kræla og ennfremur að búa sig undir óþægindi sem sjaldan er talað um á hlaupaæfingu.

Málmbragð í munni er algengur fylgifiskur hlaupa, jafnvel blóðbragð í kokinu. Þetta gerist þegar rauðu blóðkornin springa þegar áreynsla fer yfir ákveðin mörk og láta frá sér blóðrauða sem bragðast eins og járn. Ef þetta gerist bara í stutta stund á hlaupum er engin ástæða til að hafa áhyggjur en til lengri tíma er ráðlegt að tala við lækni svo hann geti þá útilokað alvarlegri undirliggjandi ástæður fyrir járnbragði í munni.

Hor og hóstakjöltur eru líka algeng í útihlaupum en það stafar einfaldlega af því að öndunarfærin, sem eru að puða nóg við að halda þér á ferð, þurfa líka að takast á við alls konar áreiti eins og mengun, frjókorn og hitabreytingar. Þau verja sig með því að reyna að losna við áreitisvaldinn með því að auka slímmyndun og fá þig svo annaðhvort til að hósta slíminu upp eða troða honum sjálf út um



Plástrar geta komið sér vel til að viðhalda brosinu á hlaupunum.

**Málmbragð í munni er algengur fylgifiskur hlaupa og jafnvel blóðbragð í koki.**

nebbann. Góð sveitasnýta er besta ráðið við nefleka á hlaupum.

Þá er einnig alþekkt að þurfa á klósettið í miðju hlaupi til að losa úrgang en líkaminn beitir öllum tiltækum ráðum til að létta sig undir álagi sem þessu. Við því er besta ráðið að borða hollan og hreinsandi mat dagana fyrir hlaup og fara varlega í koffein og önnur losandi efni á sjálfan hlaupadaginn.

Þeir líkamshlutar sem koma mest við sögu í salernisferðum eiga líka undir nokkur högg að sækja á hlaupum og það í bókstaflegri merkingu.

Bæði karlar og konur geta upplifað þvagleka á meðan á hlaupi stendur og að auki geta bæði upplifað óþægindi vegna líkamshluta sem geta farið óþægilega út um allt á meðan á hlaupum stendur. Besta ráðið við óþægindum vegna dinglandi kynfæra og brjósta er sérhannaður aðhalds- og stuðningsbúnaður til að halda hreyfingu í lágmarki. Karlmenn þurfa þó að gæta þess að vera ekki í of þröngum hlaupabuxum því of mikill þrýstingur á nára eða lærvöðva getur valdið sársaukafullri keðjuverkun upp í eistun. Þá getur núningur verið vandamál, bæði á brjóstum, geirvörtum og kynfærum en besta ráð við slíku er að vera í mjúkum efnum næst sér, sem þó loftar um, og sumir hafa gripið til þess ráðs að setja plástra á viðkvæmustu svæðin. Þessu til mótvægis má nefna að regluleg líkamsrækt, þar með talin hlaup, auka kynlífsánægju og fullnægingargæði hjá bæði körlum og konum til lengri tíma svo það er full ástæða til að halda áfram að hlaupa.

Newton skórnir fara sigurför um heiminn. Byltingarkenndir hlaupaskór á frábæru verði.



Sérverslun hlauparans kynnir

Newton hlaupaskórnir geta losað þig við beinhimnubólgu, kálfa-, hásina-, bak- og hnjáavandamál.

Newton skórnir fást aðeins í sérverslunum þar sem þú færð faglega ráðgjöf við val og mátun.
Ath:Hlaupagreining er innifalin við kaup á öllum Newton skóm.

Panta þarf tíma í síma: 553-1020
Fást aðeins í Afreksvörum Glæsibæ , Afrek.is og CraftSport Ísafirði

NEWTON running

Afreksvörur Glæsibæ – Sími: 553-1020 – Heimasíða: www.afrek.is

# Bætir borgarbraginn

Reykjavíkurmaraþon er nú haldið í 33. sinn en árið 1983 fengu tveir ungir menn í ferðabransanum þá hugmynd að halda maraþon í Reykjavík með það að markmiði að fá fleiri ferðamenn til Íslands. Hugmyndin varð til í Gautaborg þar sem annar þeirra varð vitni að því hvernig borgin var undirlögð af hálfmaraþonhlaupi og sá hvernig borgarbragurinn hýrnaði við. Fyrsta hlaupið var haldið árið 1984. Alls voru 214 skráðir til þátttöku fyrsta árið, 135 Íslendingar og 79 frá öðrum löndum. Síðan þá hefur þátttakendum fjölgað svo um munar en í hlaupinu í fyrra tóku rúmlega fimmtán þúsund hlauparar þátt. Hlaupið fer yfirleitt fram á laugardegi, kringum afmæli Reykjavíkur sem er 18. ágúst og sama dag er yfirleitt haldin Menningarnótt í borginni svo maraþonið slær yfirleitt skemmtilegan upptakt í þau hátíðarhöld.

Á tíu ára afmæli hlaupsins var ákveðið að bæta við tíu kílómetra hlaupi og þriggja kílómetra skemmtiskokki svo að fleiri en langhlauparar í fullkomnu formi gætu tekið þátt. Hvatningin „allir með“, „allir sigra“ og „hlaup fyrir alla“ hefur alltaf skipt miklu máli fyrir undirbúning hlaupsins og vonast er til að öll fjölskyldan finni sér einhverja vegalengd við hæfi til að hlaupa, skokka eða rölta.

Margir frægir hlauparar hafa tekið þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í gegnum árin. Má þar nefna Stefano Baldini, Frank Shorter, Hugh Jones, Grete Waitz, Waldemar Cierpinski og Fred Lebow.

Frá árinu 2006 hefur þátttakendum í Reykjavíkurmaraþoni boðist að hlaupa til styrktar góðu málefni. Hægt er að velja góðgerðarfélag og fá síðan vini og vandamenn til að heita á að viðkomandi hlaupara takist að ná markmiði sínu í hlaupinu. Þannig eru fleiri virkjaðir til áhuga en bara hlaupararnir sjálfir og þeir hafa ennþá ríkari hvata til að standa við markmiðið. Margir tugir góðgerðarfélaga taka þátt í áheitasöfnuninni ár hvert og söfnunarféð hefur aukist ár frá ári. Í ár er reiknað með metþátttöku eins og undanfarin ár þar sem fjöldi hlaupara hefur alltaf farið vaxandi milli ára.



Hér má sjá upphaf Reykjavíkurmaraþonsins 2012 frá skemmtilegu sjónarhorni. Vonandi leikur veðrið ekki síður við maraþonfólk 20. ágúst næstkomandi.

